

ÚTG. 2021



SKÓLANÁMSKRÁ KRIKASKÓLA

NÁMSSVIÐ OG NÁMSGREINAR 1. TIL 4. BEKKUR

ÞRÚÐUR HJELM

SKÓLASTJÓRI

Krikaskóli, Sunnukrika 1, 270 Mosfellsbær



EFNISYFIRLIT

1. Íslenska, Íslenska sem annað mál og íslenskt táknmál	3
A. Íslenska:	6
B. Íslenska sem annað tungumál	13
C. Íslenskt táknmál	14
2. Erlend tungumál	15
2.1. Enska	15
3. List- og verkgreinar	17
A. hluti - listgreinar:	19
3.1. Sviðslistir – dans og leiklist	19
3.2. Sjónlistir - myndmennt	20
3.3. Tónmennt	21
B. hluti - verkgreinar:	22
3.4. Heimilisfræði	22
3.5. Hönnun og smíði	23
3.6. Textílmennt	25
4. Þemavinna - hópastarf	26
4.1. Þema 6 og 7 ára barna	30
4.2. Þema 8 og 9 ára barna	32
5. Skólaípróttir	36
5.1. Ípróttir	40
5.2. Sund	41
6. Stærðfræði	43
6.1. Stærðfræði	47
6.2. Tjáning, tungumál, verkfæri, vinnubrögð og beiting stærðfræði	50
6.3. Tölur, reikningur og algebra	51
6.4. Rúmfraði, mælingar, tölfraði og líkindi	52
7. Upplýsinga- og tæknimennt	53



Formáli

Í þessum hluta námskrárinnar er kynnt áætlun um það nám og þá kennslu sem stefnt er að fari fram á skólaárinu. Aðalnámskrá skiptir viðfangsefnum skólstarfsins í átta skilgreind námssvið og eitt opið val, en undir hverju námssviði heyrja mismargar námsgreinar. Fyrir hvert námssvið eru gefin út hæfniviðmið fyrir 4. bekk í aðalnámskrá grunnskóla en skólinn útfærir þau fyrir aðra árganga. Sömuleiðis er lýst áherslum í hverri námsgrein. Megintilgangur þess er að skýra þær væntingar og áherslur sem eru í náminu svo stefnt sé að sameiginlegu markmiði í skólstarfinu sem öllum sé ljós.

Í einhverjum tilvikum fá sum börn sérstakt námsefni sem hæfa þeim betur en námsefni árgangs og fá því sína eigin námsskrá (að öllu leiti eða hluta) sem er nefnd einstaklingsnámskrá. Hún er utan þessa skjals og unnin í hverju tilviki í samráði við aðstandendur viðkomandi barns eftir því sem við á.



Krikaskóli

1. ÍSLENSKA, ÍSLENSKA SEM ANNAÐ MÁL OG ÍSLENSKT TÁKNMÁL

Í Krikaskóla er áhersla á samfellu í námi barna frá 2ja ára til 9 ára í íslensku. Grunnþáttur í starfi skólans liggur í því að barnahópurinn er á næmiskeiði málþroskans, börnin koma í skólann á máltökuskeiði og þau eru í Krikaskóla þar til þau hafa náð tókum á yndislestri.

Námshæfni – viðmið um hæfni innan námssviðs

Mat á íslensku í Krikaskóla miðast við ólíka aldurshópa. Notuð eru eftirfarandi skimunarpróf fyrir 1. til 4. bekk;

- 6 ára börnin: Stafakönnun, Læsi (lesskilningur) og Lesferill (lesfimiþróf)
- 7 ára börnin: Læsi, Lesmál og Lesferill (lesfimiþróf)
- 8 ára börnin: Orðarún, raddlestrar- og lesskilningsþróf og Lesferill (lesfimiþróf)
- 9 ára börnin: Orðarún, raddlestrar- og lesskilningsþróf, Lesferill og samræmt þróf í íslensku eða annað sambærilegt eftir ákvörðun Menntamálastofnunar.

Fylgst er grannt með framvindu lestrarnáms allra barnanna á öllum stigum. Markmiðið er að hjálpa hverju barni að ná eins góðum árangri og hægt er út frá forsendum hvers og eins þeirra.

Nokkrum sinnum yfir skólaárið fer fram lestrarátak. Eftirfylgnin liggur í endurtekningum lesfimiþrófa og mati á sértækum námsvanda. Lestrargreiningartækið LOGOS er notað í einstaklingsgreiningu á lestrarfærni nemenda ef þörf þykir við upphaf 4. bekkjar. Forsenda þess að aukin námsaðstoð sé markviss er gerð einstaklingsnámskrá sem tekur til íhlutunar og hvernig hún skuli metin.

Námsviðmið í íslensku/lestri í maí:

Tafla 1. Maíviðmið fyrir lesfímipróf *Lesferils* – fjöldi rétt lesinna orða á mínútu.

Aldur nemenda	90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
1. bekkur	20	55	75
2. bekkur	40	85	100
3. bekkur	55	100	120
4. bekkur	80	120	145
5. bekkur	90	140	160
6. bekkur	105	155	175
7. bekkur	120	165	190
8. bekkur	130	180	210
9. bekkur	140	180	210
10. bekkur	145	180	210

a. Viðmið um námshæfni í íslensku

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni barna í lok 4. bekkjar (lokamat):

Efnisþættir: **Viðmið um námshæfni í íslensku**

Talað mál, hlustun og áhorf:

Við lok árgangs geti barnið:

- Lesið með skýrum og áheyrilegum hætti.
- Leiklesið með áherslum fyrir áheyrendur.
- Sagt frá eftirminnilegum atburðum og upplifunum.

Lestur og bókmenntir:

Við lok árgangs geti barnið:

- Tileinkað sér jákvætt viðhorf til lestrar.
- Lesið sér til skilnings og yndisauka.
- Lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum.

Ritun:

Við lok árgangs geti barnið:

- Skrifað skýrt og læsilega.
- Beitt einföldum starfsetningarreglum.
- Samið texta frá eigin brjósti með upphafi, meginmáli og niðurlagi.
- Ritað texta á tölvu og notað ritvinnslu miðað við aldur.

Málfræði:

Við lok árgangs geti barnið:

- Beitt töluðu máli og rituðu.



Krikaskóli

- Þekkt og notað grunneiningar tungumálsins og málfræðiatríði.
- Haft skilning á tilgangi málsins og málfræði.
- Greint mun á sérnöfnum og samnöfnum
- Ritað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulagningu.

b. Matsviðmið og matskvarði fyrir námshæfni í íslensku

Við lok námstíma, lok annar eða skólaárs, er árangur barns metinn, þ.e. hversu vel það hefur tileinkað sér gæðin sem námshæfnin felur í sér. Það er gert út frá viðmiðum á grunni matskvarða sem skóli hefur ákveðið og er kynntur hér neðar. Viðmið einstakra námsgreina innan námssviðs, taka ýmist mið af viðmiðum fyrir námssviðið í heild sinni eða námsgreinina sjálfa ef gerð hafa verið sérstök viðmið fyrir hana.

Í Krikaskóla hafa kennarar birt umsögn sína, frekar en kvarða, á vitnisburðarblaði. Hér er um að ræða samræmdan texta fyrir vitnisburð eins og hann hefur verið þróaður innan skólans.

Matskvarði	Matsviðmið fyrir námshæfni í íslensku
Hefur náð	Mjög gott, hefur náð tökum á öllum markmiðum vetrarins. Skilur námsefnið mjög vel og vinnur af öryggi.
Framvinda góð	Gott, hefur náð tökum á flestum markmiðum vetrarins. Er dugleg/ur að tileinka sér námsefnið og vinnur vel.
Er að vinna með	Sæmilegt, hefur náð tökum á hluta af markmiðum vetrarins. Vinnur nokkuð vel en þarfnast meiri þjálfunar.

c. Grunnþættir menntunar í íslensku

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í íslensku:

Grunnþáttur

Áhersluþættir grunnþátta menntunar

Börnin:

HEILBRIGÐI OG
VELFERÐ:

- Nái því að mikilvægt sé að lesa sér til skilnings og yndisauka.
- Átti sig á heilbrigðum lífsstíl, þar sem fjallað er um mikilvægi fjölbreyttra viðfangsefna og áhugamála.
- Átti sig á að það hafa allir rétt á að læra að lesa og taka þátt á sinn hátt.

JAFNRÉTTI:

- Nái að setja sig í spor og skilja ástæðu þess að við lærum mishratt.
- Átti sig á ólíkum þörfum einstaklinga, líkamlegum sem og námslegum.



Krikaskóli

LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI:

- Læri að tjá skoðun sína og virða skoðanir annarra.
- Læri að bera virðingu fyrir sér og öðrum.
- Vinni með texta úr Barnasáttmálanum.
- Nái að tjá sig í rituðu máli, bundnu máli og orðum.
- Nái að efla sig öðlast ástríðu fyrir bókmenntum af einhverju tagi.

LÆSI:

- Skulu fá fjölbreytta texta með ólíku innihaldi.
- Myndlæsi má styrkja með áhorfi og umræðum á valið myndefni.
- Fjölmíðlalæsi má styrkja m.a. með dagblöðum, tímaritum og vefmiðlum - skoða og ræða.

SJÁLFBÆRNI:

- Séu virkt í starfi með öðrum og taki þátt með jafnöldrum.
- Átti sig á ábyrgð sinni á eigin þátttöku og námi.

SKÖPUN:

- Haldi í forvitni sína, og vilji leita og uppgötva nýjar leiðir.
- Geti tjáð sig á skapandi hátt, munnlega og í rituðu máli.
- Geti aðlagð „reglur“ að aðstæðum hverju sinni.

A. ÍSLENSKA:

1.1. TALAD MÁL, HLUSTUN OG ÁHORF

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Fjölbreyttar kennsluáferðir eru notaðar við kennslu námsgreinarinnar. Hún miðar að því að börn nái góðum árangri í læsi allt frá byrjun skólagöngu sinnar í Krikaskóla. Markviss vinna með tal, hlustun, lestur og ritun er felld í eina heild undir hatti læsis. Ennfremur eru sértækir þættir móðurmálsins, svo sem hljóðgreining, réttiritun, skrift, orðaforði, setningabygging, málfræði og markviss málörvun tengd inn í ferlið.

Tungumálið er mikilvægasta boðskiptatækni mannsins. Skólinn leggur því mikla áherslu á íslenska tungu og fléttar hana inn í leikinn og annað daglegt starf í skólanum.

Markmiðið er að efla læsi barna í víðum skilningi í læsishvetjandi umhverfi. Að þau njóti lestrar frá því að byrjað er að lesa fyrir þau, til þess að þau njóti að lesa sér til gagns og gamans. Þessi nálgun gerir ráð fyrir að fá samfellu í náms- og kennsluháttum sem spannar alla skólagöngu barnanna.

1. og 2. bekkur: Í íslensku er lögð áhersla á að börnin læri undirstöðuatriði lestrar, læri að þekkja bókstafina og hljóð þeirra, kynnist rími, hrynjandi, orðum og setningum. Þau fást við ýmis verkefni sem hvetja til lestrar, æfa lestur og efla lesskilning. Börnin fá tækifæri til að tjá sig munnlega og skriflega á fjölbreyttan hátt. Þau æfast í að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögunum,



Krikaskóli

segja frá eigin reynslu, endursegja og lesa eigin sögur, ljóð og frásagnir. Unnið er að því að efla virka hlustun og áhorf. Börnin þjálfra fínhyfingar, læra að draga til stafs og þekkja skrifaráttina.

Börnin þjálfast í að semja eigin texta við eigin myndir og annarra, skrifa frásagnir, athafnir og lýsingar ein eða með aðstoð. Þau fá tækifæri til að lesa bækur sér til fróðleiks og skemmtunar, segja frá og ræða um þær bækur sem þau lesa. Margs konar gæðatexti er lagður til grundvallar lestrarkennslunni og hann nýttur sem efniviður í tæknilega vinnu með stafi og hljóð jafnt sem vinnu með orðaforða, skilning og lestur af ýmsu tagi. Einnig fá þau tækifæri til að leika sér með tungumálið á fjölbreyttan hátt með ýmsum orðaleikjum.

3. og 4. bekkur: Lögð er áhersla á að börnin auki orðaforða sinn, efli lesskilning, málskilning og lestrarhraða með fjölbreytilegum verkefnum. Þau þjálfast í nákvæmnislestri, að lesa skýrt og áheyrilega, að gera munnlega og skriflega grein fyrir efni sem þau lesa og að svara spurningum úr efni. Þau þjálfast í upplestri og eru hvött til að lesa sér til ánægju. Þau þjálfast í að tjá sig munnlega, endursegja texta, lesa upphátt; sögur, frásagnir, ljóð og leiktexta.

Börnin læra vísur og ljóð til söngs og flutnings og vinna með hugtök úr bragfræði s.s. rím, kvæði, vísa og ljóðlína. Þau þjálfast í að nota ákveðna skriftargerð og að vanda skrift og frágang verkefna. Börnin skrifa sögur, ljóð, frásagnir, athafnir, lýsingar, atburði úr eigin lífi og gera útdrætti. Þau þjálfast í að skrifa texta eftir upplestri, stafsetja rétt og tileinka sér ákveðnar stafsetningareglur. Börnin hlusta á upplestur á sögum og ljóðum, hlusta á hljóð- eða myndbönd og á hvert annað. Þau svara spurningum varðandi efni sem þau hafa hlustað á.

Þá kynnast börnin bókmenntaverkum og þjálfast í að ræða um verkin og læra að þekkja hugtök, svo sem; persóna, söguþráður, sögulok, umhverfi, boðskapur upphaf, miðja og endir. Þau þjálfast í að þekkja og greina samheiti, andheiti, sérnöfn, samnöfn, sérhljóða, samhljóða og að gera sér grein fyrir orðflokkunum nafnorð, sagnorð og lýsingarorð. Börnin kynnast fallbeygingu nafnorða í eintölu og fleirtölu og greina kyn og tölu nafnorða. Einnig læra þau stigbreytingu lýsingarorða og að finna nútíð og þátíð sagna. Þá fá þau tækifæri til að leika sér með tungumálið á fjölbreyttan hátt með ýmsum orðaleikjum auk þess að vinna með algeng orðtök og málshætti.

Tímafjöldi: Sex tímar hjá börnum á aldrinum 6 til 9 ára. (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Bækur og lestur fyrir börn og með börnum.
- Pulur, rímur, sönglög og kvæði.
- Vinna með ritaðan texta fyrir börn og með börnum.
- Vinna með aðferðir og leiðir sem efla börn í að tengja á milli orða, bókstafa og hljóða.



ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og börnin nýta sér við námið eru:

- Gæða barnabækur og efni sem viðurkennt er fyrir viðkomandi aldurshóp. Sögur, ævintýri, söngvar og ljóð.
- Markviss málörvun – efni aðlagð að ólíkum aldurshópum.
- Spil og leikir af ýmsu tagi sem efla og vekja áhuga.
- Léttlestrarbækur fyrir byrjendur í lestri.
- Lestrarbækur fyrir lengra komna.
- Skáldsögur og fræðibækur.
- Kennsluforrit.
- Skriftarbækur.
- Bækur af bókasafni.

Aukaefni:

- Ritrún 1, 2 og 3.
- Lestrarlandið 1 og 2, 1+ og 2+, vinnubækur og lestrarbækur.
- Við lesum A og B með vinnubókum.
- Lesrún og Litla Lesrún.
- Bókasafnarinn.

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan, innan og utan skóla (heima), fram á eftirfarandi hátt:

- Unnið með gæðatexta. Mikil áhersla lögð á að vinna með orðaforða og lesskilning í öllum verkefnum.
- Unnið er í stöðvavinnu – minni hópum og með áherslum á samvinnunám.
- Unnið er í hópastarfi eða einstaklingsvinnu.
- Við upphaf 1. bekkjar fara börnin heim með lestrarbækur og gert er ráð fyrir að þau lesi heima a.m.k. fimm sinnum í viku í 15 mínútur í senn með foreldrum sínum.
- 9 ára börnin fara aðra hverja viku heim með heimanám í íslensku til að dýpka námið. Heimanám vinna þau að hluta til í gegnum forritið Seesaw.

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við börnin að læra út frá eigin forsendum og til þess að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Kennari útskýrir viðfangsefni kennslustundar vel og vandlega. Kennari ýtir undir að börnin komi með hugmyndir og viðfangsefni í kennslustund þegar það á við.
- Börnin eru mismunandi og því skal kennari aðlaga viðfangsefni kennslustundar að hverju barni þannig að þau fái meiri reynslu og getu að kennslustund lokinni.
- Unnið er á fjölbreyttan hátt með viðfangsefnið og á einstaklingsmiðaðan hátt.
- Getustig barnanna er misjafnt og mikilvægt að vera með misþung verkefni sem þjálfá sömu þætti.



iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

1. og 2. bekkur:

- Leiðsagnarmat, samofið námi og kennslu.
- Símat.
- Læsi og Lesmál lagt fyrir í nóvember, febrúar og í maí.
- Stafabekking könnuð að hausti.
- Lesfimiþróf lagt fyrir í september, janúar og maí.
- Ferilmappa.
- Þemamappa.
- Markmið hvernar greinar fyrir sig sem koma fram í lokamati á vitnisburði að vori.

3. og 4. bekkur:

- Leiðsagnarmat, samofið námi og kennslu.
- Símat.
- Markmið hvernar greinar fyrir sig sem koma fram í lokamati á vitnisburði að vori.
- Orðarún, lagt fyrir í nóvember og apríl.
- Lesfimiþróf lagt fyrir í september, janúar og maí.
- Ferilmappa.

1.2. LESTUR OG BÓKMENNTIR

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

Börnin hlusti á upplestur á sögum og ljóðum, hlusti á hljóð- og myndbönd. Þau svara spurningum varðandi efnið sem þau hafa hlustað á og taka þátt í umræðum um efnið. Börnin lesa sjálf, í einrúmi eða fyrir aðra í skólanum, bækur sem þau hafa valið eða sögur sem þau hafa samið. Börnin kynnast verkefnum íslenskra rithöfunda og þjálfast í að ræða bókmenntaverk. Þá kynnast þau hugtökum eins og; sögupersónur, söguþráður, sögulok, upphaf, miðja og endir.

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Almenn lestrarkennsla með fjölbreyttum kennsluáðferðum eins og t.d. Byrjendalæsi o.fl.
- Bókalestur með börnum eða fyrir börn.
- Bókalestur barnanna sjálfra, ýmist fyrir sig sjálf eða önnur börn.



ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og barnið nýtir sér við námið eru:

- Ýmsar bækur.
- Hljóð- og myndbönd.

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan, innan og utan skóla (heima), fram á eftirfarandi hátt:

- Börnin lesa í skólanum bæði fyrir kennara og hvort annað
- Börnin vinna í litlum og stórum hópum eftir viðfangsefni hverju sinni

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við börnin að læra út frá eigin forsendum og til þess að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Hópa og stöðvavinnu.
- Einstaklings- og paravinnu.
- Fjölbreyttir kennsluhættir til að koma til móts við margbreytileika barnahópsins.

1.3. RITUN

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

Börnin vinna með frjálsa ritun á pappír eða á töflu – gler. Börnin fá einnig verkefni sem vinna að aukinni hæfni þeirra til ritunar. Unnið er að því að börnin beiti skriffærum þannig að skrift verði læsileg. Ritunaræfingar aukast með auknum aldri barnanna. Börnin eru hvött til skrásetningar frá unga aldri með fjölbreyttum aðferðum.

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Frjáls ritun með fjölbreyttum hætti.
- Ritunarverkefni sem eru fyrirfram skilgreind.
- Ritun á tölvur og önnur snjalltæki.

1. og 2. bekkur:

- Hafi náð valdi á skriffæri.
- Skrifar nafnið sitt.



- Dregur rétt til starfs.
- Skrifar texta og notar blandað litlu og stóru stafina.
- Hefur bil á milli orða.
- Skrifar bókstafi í leik og starfi.
- Skrifar einföld orð.
- Skrifar einfaldan texta þegar kennari hljóðar orðin.
- Skrifar eigin texta við mynd eða setningu.
- Skrifar frásögn, lýsingu og/eða sögu.
- Heldur nokkuð góðum söguþræði.

3. og 4. bekkur:

- Skrifi skýrt og læsilega.
- Skrifi lágstafina í texta.
- Skrifar á línu.
- Hefur bil á milli orða.
- Skrifar stóru og litlu stafina þar sem við á.
- Hefur náð viðunandi skriftarhraða.
- Skrifar frásögn og lýsingu.
- Skrifar sögur frá eigin brjósti.
- Heldur góðum söguþræði í frásögn.
- Geti nýtt sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka.
- Orðaforði í rituðu máli góður.
- Skrifar frásögn með upphaf, miðju og endi.
- Skrifar eftir upplestri.
- Geti skrifað texta í tölvu og beitt einföldum aðgerðum ritvinnslu.

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og barnið nýtir sér við námið eru:

- Fjölbreytt skriffæri og fletir til að skrifa á.
- Stílabækur, þemabækur, sögubækur, verkefna og úrklippubækur.
- Tölvukostur skólans.
- Skriftarbækur með forskrift.

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan, innan og utan skóla (heima), fram á eftirfarandi hátt:

- Í skólanum eru fjölmörg tækifæri til ritunar. Kennarar skapa aðstæður til að börnin geti unnið einstaklingslega eða í hópi jafnaldra.
- Ritunarverkefni eru yfirleitt samþætt annarri vinnu í skólanum. Einstaka sinnum eru unnin sérstök ritunarverkefni sem krefjast þess að börnin fylgi forskrift.



Krikaskóli

- Börn á aldrinum 8 og 9 ára fara aðra hvora viku heim með verkefni í íslensku sem gjarnan innihalda ritunarverkefni að hluta. Foreldrar aðstoða við slík verkefni heima við.

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við börnin að læra út frá eigin forsendum og til þess að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Hópa- og stöðvavinna.
- Einstaklings- og paravinna.
- Fjölbreyttir kennsluhættir til að koma til móts við margbreytileika barnahópsins.

1.4. MÁLFRÆÐI

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar í kennsluáætlunum.

Börnum er kennd málfræði með fjölbreyttum hætti í Krikaskóla. Mikilvægt er að endurtaka það sem börnin segja með réttum málfræðireglum. Þegar börnin eldast læra þau meira í málfræði og hún verður veigameiri þáttur í námi þeirra. Börnin læra að þekkja og greina samheiti, andheiti, sérnöfn, samnöfn, sérhljóða og samhljóða. Þau læra um orðflokkanafnorð, sagnorð og lýsingarorð. Þá læra þau fallbeygingu nafnorða í eintölu og fleirtölu, greina kyn og tölu nafnorða. Þau læra um stigbreytingu lýsingarorða og finna nútíð og þátíð sagna. Einnig fá börnin tækifæri til að leika sér með málið á fjölbreyttan hátt með ýmsum orðaleikjum og vinna með algeng orðtök og málshætti.

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Málfræðireglur í íslensku.

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og barnið nýtir sér við námið eru:

- Málfræðireglur.
- Hækjur upp á vegg – stuðnings- og minnisatriði.
- Orðabækur.
- Spil og leikir.
- Bækur og ljósritað efni sem hentar viðfangsefninu hverju sinni.
- Spjaldtölvur og námsleikir



Krikaskóli

B. ÍSLENSKA SEM ANNAÐ TUNGUMÁL

Við móttöku barna í skólanum með íslensku sem annað tungumál, skal farið að samræmdri móttökuáætlun Mosfellsbæjar. Gera skal mat á stöðu barnsins og einstaklingsnámskrá gerð byggð á stöðunni, í samstarfi við foreldra.

Við skólann hafa kennarar starfað með íslensku sem annað mál sitt og hafa þeir komið að kennslu barnanna. Eins hefur samstarf verið haft við aðra skóla í Mosfellsbæ.

Kennslan í skólanum fer fram á íslensku. Mikilvægt er að tryggja að foreldrar, og eftir aðstæðum börnin, fái þann stuðning og upplýsingar sem nauðsynlegar eru um skólastarfið, menningu og að væntingar séu skýrar. Skólinn hefur frumkvæði að því að kalla til túlkabjónustu.

Í skólastarfinu eru markmiðin þessi:

- Að börn af erlendum uppruna fái sérstakan stuðning í íslensku og nái sem fyrst leikmálinu.
- Gerð sé einstaklingsnámskrá fyrir börnin og þar sé einnig lögð áhersla á íslenska siði og menningu.
- Börnin og foreldrar þeirra séu hvött til að miðla sinni upprunamenningu.
- Sérstaklega þarf að vanda til foreldrasamstarfs ef tungumálavandi er mikill.
- Sérstök áhersla er á félagsleg tengsl barnsins við jafnaldra og að barnið sé sem mestur þátttakandi í skólastarfi bekkjar eða hóps.

Hæfniviðmið í lok 4. bekkjar

Lestur

Að barnið:

- Tengir saman stafi og hljóð íslenska stafrófsins.
- Geti lesið texta við hæfi.
- Geti lesið námsefni og leiti sér aðstoðar þegar þurfa þykir.

Bókmenntir

Að barnið:

- Geti lesið bókmenntir á sínu móðurmáli og geti nýtt sér þá reynslu við lestur íslenskrar barnabókmennta.

Ritun

Að barnið:

- Geti skrifað stutta, einfalda frásögn, sögu eða skilaboð.
- Kunni íslenska stafrófið og geti unnið með það.
- Geti beitt einföldum reglum um stafsetningu.



Krikaskóli

C. ÍSLENSKT TÁKNMÁL

Íslenskt táknmál er jafnrétt hátt íslensku sem tjáningarform í samskiptum manna í milli og óheimilt er að mismuna mönnum eftir því hvort málið þeir nota.

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla (2011, bls. 109) er gert ráð fyrir að skólar þurfi að geta tekið á móti og skapað notendum íslensks tákn máls jafna stöðu á við aðra málnotendur innan skóla.

Krikaskóli hefur ekki fengið nemendur sem nota íslenskt táknmál sem sitt fyrsta mál. Ljóst er að skólinn þarf að bregðast við ef til slíks kemur. Það verður gert innan móttökuáætlunar sem og með einstaklingsnámskrá eins og varðandi aðrar einstaklingsþarfir.



2. ERLEND TUNGUMÁL

Vegna aldurssamsetningar í Krikaskóla er enska eina erlenda tungumálið sem við kennum börnunum. Byrjað er að kenna börnum formlega ensku við sex ára aldur, en yngri börnin læra ýmsa söngtexta og þulur á erlendum tungumálum í gegnum sína leikskólagöngu.

2.1. ENSKA

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

Markmiðið er að kynna ensku fyrir börnunum þannig að þau fái áhuga á að læra tungumálið, öðlist tilfinningu fyrir því og geti notað ensku á einfaldan hátt. Eftir því sem börnin eldast er markmiðið að viðhalda áhuga þeirra og forvitni. Enskunám og kennsla fer fram bæði í þemanámi og í sértökum enskutímum. Unnið er með talað mál, ritun, hlustun og upplýsingatækni. Að börn fái innsýn í menningu og siði þeirra þjóða sem hafa ensku að þjóðtungu. Viðfangsefni sem unnið er með tengjast lífi barnanna, áhugamálum, nærsamfélagi svo sem heimili, fjölskyldu, vinum og skóla. Þau vinna m.a. verkefni sem tengjast klæðnaði, mat, dýrum, litum, tölustöfum og fleiru.

Tímafjöldi: 1 tími (20 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Talað mál, ritun og hlustun.
- Að börnin fái innsýn í menningu og siði þjóða sem hafa ensku að þjóðtungu.
- Viðfangsefni tengist daglegu lífi barnanna, heimili, fjölskyldu, vinum og skóla.
- Tónlist og söngur.
- Verkefni sem tengjast samskiptum daglegs lífs.
- Heiti líkamsparta.
- Heiti daga, mánaða og árstíða.
- Tölur og talning.
- Spil og leikir.



ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi nýtir við námið eru:

- Orðasjóður, myndir, spil og fjölbreytt verkefni.
- Sögubækur og fræðslubækur.
- Orðabækur.
- Efni á vefnum sem hentar viðfangsefnum hverju sinni.

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan, innan og utan skóla (heima), fram á eftirfarandi hátt:

- Unnið er í litlum og stórum hópum með viðkomandi verkefni.
- Aldursblöndun er í enskútímum og börnum skipt upp með fjölbreyttum hætti.
- Börnin setja upp og vinna sýningu fyrir söngstund í Krikaskóla.

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og til þess að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Hópavinna – stöðvavinna.
- Einstaklings- og paravinna.
- Fjölbreyttir kennsluhættir.

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

Gefnar eru umsagnir að loknu námi vetrar:

Matskvarði	Matsviðmið fyrir námshæfni í ensku
Hefur náð	Mjög gott, hefur náð tökum á öllum markmiðum vetrarins. Skilur námsefnið mjög vel og vinnur af öryggi.
Framvinda góð	Gott, hefur náð tökum á flestum markmiðum vetrarins. Er dugleg/ur að tileinka sér námsefnið og vinnur vel.
Er að vinna með	Sæmilegt, hefur náð tökum á hluta af markmiðum vetrarins. Vinnur nokkuð vel en þarfnast meiri þjálfunar.



3. LIST- OG VERKGREINAR

Námshæfni – viðmið og mat

Nám í grunnskóla skal hafa sem mest gæði og þess vegna byggir grunnskólastarfið á viðmiðum um hæfni sem grundvöll gæðanna. Þau nefnast námshæfni þegar gæðin tengjast átta námssviðum aðalnámskrár (og öllum námsgreinum innan hvers námssviðs). Aðalnámskrá skilgreinir námshæfni fyrir 4., 7. og 10. bekk en fyrir aðra árganga skilgreina skólar eða kennarar viðmið um námshæfni í einstaka námssviðum. Í einhverjum tilvikum er valið að hæfniviðmið sé sér fyrir hverja námsgrein, frekar en fyrir viðkomandi námssviðið í heild sinni, sem er þá ákvörðun viðkomandi skóla.

A. VIÐMIÐ UM NÁMSHÆFNI Í LIST- OG VERKGREINUM

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni barna í lok 4. bekkjar(lokamat):

Efnisþættir:

Viðmið um námshæfni í list- og verkgreinum

Sviðslistir (dans og leiklist):

Við lok árgangs geti barnið:

- Tekið þátt í leikatriði og komið fram á sviði.
- Lært og tekið þátt í dansi með jafnöldrum.
- Lært samhæfðar hreyfingar og sýnt með fleirum.

Sjónlistir (myndmennt)

Við lok árgangs geti barnið:

- Þekkt til litablöndunar og fræða.
- Nýtt sér fjölbreyttan efnivið til sköpunar.
- Þekkt nokkrar tegundir lista og listaverka.

Tónmennt:

Við lok árgangs geti barnið:

- Unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar.
- Nýtt þekkingu sína í hugmyndavinnu.
- Unnið verkefni í hópi.
- Tjáð sig á um ferlið frá hugmynd til afurðar.
- Gengið frá eftir vinnu sína.
- Lagt mat á eigin verk.
- Þekkt til mismunandi tónlistarstíla og tónlistamenningar.

Heimilisfræði:

Við lok árgangs geti barnið:

- Farið eftir einföldum uppskriftum.
- Kunni til verka í eldhúsi, helstu áhöld og beiting þeirra.
- Þekki mun á hollum og óhollum kostum.



Krikaskóli

Hönnun og smíði:

Við lok árgangs geti barnið:

- Gengið um og notað einföld áhöld og verkfæri.
- Nýtt sér fjölbreyttan efnivið til sköpunar.
- Unnið hlut frá hugmynd til loka.

Textílmennt:

Við lok árgangs geti barnið:

- Notað einföld áhöld og efnivið.
- Þrjónað, saumað – bæði í vél og höndum.
- Unnið í ull og þekkt eiginleika íslensku ullarinnar.

B. MATSVIÐMIÐ OG MATSKVARÐI FYRIR NÁMSHÆFNI Í LIST- OG VERKGREINUM

Í lok námstíma, við lok annar/skólaárs, er árangur barns metinn, þ.e. hversu vel það hefur tileinkað sér gæðin sem námshæfnin felur í sér. Það er gert út frá viðmiðum á grunni matskvarða sem skóli hefur ákveðið og er kynntur hér neðar. Viðmið fyrir einstakra námsgreinar innan námssviðs taka ýmist mið af viðmiðum fyrir námssviðið í heild sinni eða námsgreinina sjálfa ef gerð hafa verið sérstök viðmið fyrir hana.

Matskvarði	Matsviðmið fyrir námshæfni í list- og verkgreinum
Hefur náð	Afburða hæfni, barnið er skapandi og hugmyndaríkt.
Framvinda góð	Góð hæfni, barnið er duglegt og áhugasamt.
Er að vinna með	Þokkaleg hæfni, barnið þarfnast meiri þjálfunar.

C. GRUNNÞÆTTIR MENNTUNAR Í LIST- OG VERKGREINUM

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í list- og verkgreinum:

Grunnþáttur

Áhersluþættir grunnþátta menntunar

HEILBRIGÐI OG
VELFERÐ:

- Allir hafi möguleika á að nýta sína list- og verklegu hæfni líkt og þá bóklegu.

JAFNRÉTTI:

- Allir hafi jafnan rétt til að kynnast fjölbreyttum list- og verkgreinum.

LÝÐRÆÐI OG
MANNRÉTTINDI:

- Allir upplifi samvinnu við skapandi ferli í hópi.
- Allir kynnist list- og verkmennt frá mismunandi menningarheimum.

LÆSI:

- Börnin læri félagslæsi í gegnum samvinnu í skapandi ferli.
- Þjálfun í að koma skipulega frá sér einhverju sem hefur verið skapað.
- Skráningar á verkum og ferli sköpunar sé fjölbreytt s.s. með myndum, hljóðum, myndbandsupptökum og matarboði.



Krikaskóli

- SJÁLFBÆRNI:**
- Ýta undir sjálfstæð vinnubrögð og samvinnu.
- SKÖPUN:**
- Börnin nýti þekkingu sína í hugmyndavinnu til að skapa verk úr ýmsum efniviði og hljóði. Með því að vinna að einföldu ferli frá hugmynd til afurðar.
 - Barnið upplifi að skapa, ýmist eitt eða með öðrum.

A. HLUTI - LISTGREINAR:

3.1. SVIÐSLISTIR – DANS OG LEIKLIST

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Börnin læra stutta texta, setja upp leikþætti, vinna með spuna og framsögn í samstarfi við jafnaldra. Þau þjálfast í að tjá sig með aðstoð leikrænnar tjáningar.

Þau horfa á og upplifa leikrit, í skólanum og utan hans. Rökræða og ræða innihald, framsetningu og uppsetningu leikrits eða leikþátta.

Börn í 4. bekk taka þátt í *Litlu upplestrarkeppninni* á hverju ári. Börn í 3. bekk taka einnig þátt og eru með í allri undirbúningsvinnu.

Fyrir sumarhátíð Krikaskóla ár hvert eru sett upp leikrit og/eða söngskemmtun fyrir alla aldurshópa í skólanum, foreldra og vini.

Tímafjöldi: 0,85 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár). Unnið er að verkefninu yfir árið í smiðjum sem og í þemaverkefnum. Sérstakar æfingar eru fyrir stærri viðburði og þá verður viðfangsefnið umfangsmeira.

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnið í námsgreininni eru:

- Framsögn og skýr upplestur.
- Spuni.
- Leikþættir og leiksýningar.
- Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk.
- Dans- og hreyfileikir.

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og barnið nýtir sér við námið eru:

- Ýmsir textar og ljóð, sem þau eða kennari velur.



- Sögur og ævintýri.
- Tónlist frá ýmsum löndum.
- Hljóðfæri.

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan, innan og utan skóla (heima), fram á eftirfarandi hátt:

- Námið fer fram í smiðjum yfir veturinn. Hver hópur barna fer í sömu smiðju í 2 vikur og skiptir svo.
- Sérstök verkefni sem hluti af þemavinnu.
- Sérstakar æfingar varðandi t.d. Litlu upplestrarkeppnina og vorhátíð.

3.2. SJÓNLISTIR - MYNDMENNT

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Börnin vinna myndrænar frásagnir úr umhverfi sínu, upplifunum og ímyndun á fjölbreytilegan hátt. Þau fá tækifæri til að tjá tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki. Þau skoða grunnform og náttúruleg form, læra að þekkja frumliti og gera einfaldar litablöndur. Unnið er með mismunandi myndgerðir og efnivið. Börnin læra að þekkja og nota ýmis hugtök sem tengjast lögmálum og aðferðum verkefna. Þau mála, lita, teikna, klippa, líma og leira á fjölbreyttan hátt. Þau þjálfa samvinnu og ábyrga umgengni.

Börnin skoða valin verk listamanna og læra að greina aðferðir í myndmennt.

Börnin læra á fjölbreytta miðla, nota forrit og myndvinnslu. Þá taka þau stuttmyndir og vinna ýmis fjölbreytt verkefni.

Tímafjöldi: 0,85 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár). Unnið er að verkefninu yfir árið í smiðjum sem og í þemaverkefnum. Mikil áhersla er einnig á aukið tækifæri fyrir börnin í frístundatíma að velja myndlist undir handleiðslu myndlistarkennara og halda áfram með verkefni sem unnið er að eða takast á við ný verkefni.

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Skoða og skilja form og lögun, ásamt eðli hlutanna.
- Prófa mismunandi leiðir og útfærslur.
- Lita, leira, mála, klippa, líma, mynda, o.s.frv.
- Tölvuvinna og myndvinnsla.
- Vinna með spjaldtölvur.



ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og barnið nýtir sér við námið eru:

- Ýmsar myndlistavörur – ólíkur efniviður.
- Myndavélar, þrífótur, tölvur auk forrita til myndvinnslu og myndgerðar.

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan, innan og utan skóla (heima), fram á eftirfarandi hátt:

- Myndlistarsmiðja fyrir 6 til 9 ára börnin.
- Aukin tækifæri fyrir 6 til 9 ára börn í frístundastarfi að velja myndlistarsmiðju.

3.3. TÓNMENT

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Börnin læra að syngja lög og fara með þulur. Þau æfast í að leika einföld stef og rytma á hljóðfæri skólans og heimatilbúin hljóðfæri. Þau hlusta og greina ýmis stílbrigði í tónlist, þjálfá taktskyn og túlka hreyfingu. Rannsaka og flokka hljóð frá ýmsum hljóðgjöfum. Einnig fá þau tækifæri til að skapa einföld tónverk og skrá þau með einhverjum hætti. Börnin þjálfast í að koma fram og flytja eigin verk sem og annarra, bæði söngverk og hljóðfæraslátt. Einu sinni í viku er söngstund í sal, þar sem sungin eru lög og stundum flutt atriði.

Tímafjöldi: 0,85 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár). Unnið er að verkefninu yfir árið í smiðjum sem og í þemaverkefnum. Sérstakar æfingar eru fyrir stærri viðburði og þá verður viðfangsefnið umfangsmeira.

Söngstund er einu sinni í viku í 20-30 mínútur í hvert sinn.

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Sköpun eigin tónverka.
- Koma fram og flytja eigin verk og annarra.
- Söngur og hljóðfærasláttur.
- Taktskyn og rythmi.
- Hlustun.

ii. Námsgögn og kennsluefni



Krikaskóli

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og barnið nýtir sér við námið eru:

- Lög og textar.
- Hljóðfæri.
- Hljómtæki og tónlistardiskar.
- Fjölbreyttur efniviður frá ýmsum löndum.
- Spjaldtölvur.

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan, innan og utan skóla (heima), fram á eftirfarandi hátt:

- Tónlistarsmiðju fyrir 6 til 9 ára börnin.
- Fer fram í hverju hreiðri miðað við þemavinnu hverju sinni.
- Fer fram í vikulegri söngstund í sal.

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við barnið að læra út frá eigin forsendum og til þess að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Hlustun.
- Að koma fram og flytja tónlist
- Skapandi vinna.
- Leikir.

B. HLUTI - VERKGREINAR:

3.4. HEIMILISFRÆÐI

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

Börnin læra um mikilvægi hollustu og næringar fyrir vellíðan og heilbrigði. Þau læra að greina á milli hollra og óhollra fæðutegunda. Börnin vinna með fæðuflokkana og greina hvaðan matvælin koma sem unnið er með. Þau læra um mikilvægi hreinlætis við eldhúsvirk og í daglegu lífi. Þau búa til einfaldar máltíðir og læra að fara eftir einföldum uppskriftum við bakstur og matseld. Þau læra að tjá sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti. Börnin taka þátt í raunverulegum verkefnum í skólanum s.s. að leggja á borð, sópa gólf, þvo borð og skera niður ávexti og grænmeti. Þá vinna þau að verkefnum sem tengjast umhverfisvernd, og áhersla lögð á að efla skilning þeirra á mikilvægi þess að spara orku, flokka sorp og takmarka notkun einnota umbúða.

Börnin læra að nota einföld áhöld við matseld og nýta sér þau verkfæri sem við á. Börnin vinna einnig með mál og vog eins og við á hverju sinni.



Tímafjöldi: 0,85 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár). Unnið er að verkefninu yfir árið í smiðjum hjá börnum á aldrinum 6 til 9 ára.

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Að börnin læri um hollustu.
- Börnin læri og temji sér hreinlæti.
- Börnin taki þátt og vinni raunverulega verkefni.
- Börnin læri um íslenska matarsíði í nútíð og fortíð.
- Börnin læri um umhverfismál.
- Börnin læri að fylgja fyrirmælum, s.s. í gegnum uppskriftir og leiðbeiningar.
- Börnin læra að tjá sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti.

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og barnið nýtir sér við námið eru:

- Ýmis heimilistæki og aðbúnaður heimilisfræðismiðju.
- Námsgögn Hollt og gott og Heimilisfræði 1-4.
- Efni af veraldarvefnum.
- Ýmsar bækur og fræðsluefni.

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan, innan og utan skóla (heima), fram á eftirfarandi hátt:

- Í smiðjum vikulega fyrir börn á aldrinum 6 til 9 ára, þar sem börnin koma í 2 vikur í senn og skipta svo á milli smiðja.

3.5. HÖNNUN OG SMÍÐI

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar í kennsluáætlunum.

Börnin:

- sýni skapandi og gagnrýna hugsun.
- sjálfstæði og samvinnu.
- kynnist ferlinu, hugmynd, teikning, framkvæmd.
- geti teiknað sína hugmynd svo að aðrir skilji.
- gerir teikningu, vinni eftir henni og klári.
- vinni með þrívíð form, teikna, klippa og líma.



Krikaskóli

Börnin þjálfast í að vinna verk frá hugmynd að fullnum hlut. Þau vinna með ýmis verkfæri sem hæfa aldri og getu. Börnin saga út, líma, nota sandpappír og liti til skreytinga. Unnið er sem mest með efni sem valin eru út frá umhverfissjónarmiðum og fást í nærumhverfi skólans. Börnin fá tækifæri til að leysa verkefni á sjálfstæðan hátt og nýta eigin hugmyndir við verkefnavinnu sína. Þau þjálfast í umgengni við verkfæri og áhöld.

Tímafjöldi: 0,85 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár). Börn á aldrinum 6 til 9 ára fara vikulega í smíðasmiðju.

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Hönnun og sköpun muna frá hugmynd að fullgerðum hlut.
- Meðferð verkfæra og áhalda.
- Umhirða og umgengni.
- Snerting við ólíkan efnivið.
- Að kynnist ferlinu, hugmynd, teikning, framkvæmd.
- Að barnið geti teiknað sína hugmynd svo að aðrir skilji.
- Að barnið geri teikningu, vinni eftir henni og klári.
- Að barnið vinni með þrívíð form, teikna, klippa og líma.

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og barnið nýtir sér við námið eru:

- Áhöld og tæki sem tilheyra í smíðasmiðjunni.
- Ýmis viður og fjölbreyttur annar efniviður.
- Hugmyndaleit og sköpun í tölvum.
- Opinn efniviður.

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan, innan og utan skóla (heima), fram á eftirfarandi hátt:

- Kennslan fer fram vikulega smíðju fyrir börn á aldrinum 6 til 9 ára.

3.6. TEXTÍLMENNT

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

Verkefni sem börnin vinna í textílmennnt tengjast öðrum námsgreinum í samþættum verkefnum þar sem því verður við komið. Þau fá þjálfun í að hanna, teikna, mála og lita í tengslum við textílverkefni. Þau klippa, þræða nálar og sauma einföld spor, læra að prjóna, vinna með þrykk, þæfingu og einfaldan vefnað. Börnin fara yfir helstu hluta saumavéla og sauma í saumavél. Þau læra um eiginleika íslensku ullarinnar og vinna með ull.

Börnin klippa og vinna með efnisafklippur og búa til klippimyndir. Þau vinna með garn og gera ýmis textílverk, einstaklingslega eða í hópum.

Tímafjöldi: 0,85 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár). Fyrir börn á aldrinum 6 til 9 ára er unnið í smiðjum vikulega í 2 vikur í senn, börnin skipta svo um smiðju að tímabilinu loknu.

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Hönnun, teikning, málun, litun og að klippa.
- Læra undirstöðuatriðin í að prjóna, vefa og hekla.
- Læra að sauma einföld spor.
- Þjálfast í að nota flatt form.
- Gera sér grein fyrir notagildi efna og fá innsýn í hvernig textílverk verður til.
- Vinna með og læra um íslenska ull.
- Taka þátt í umræðu um fagurfræðileg sjónarmið s.s. lit, lögun, glaðlegt, hlýlegt o.s.frv.

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og barnið nýtir sér við námið eru:

- Fjölbreyttur efniviður sem tilheyrir í textílsmiðju.
- Efni, garn, tvinni, nálar, prjónar o.s.frv.
- Saumavélar.

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan, innan og utan skóla (heima), fram á eftirfarandi hátt:

- *Fyrir 6 til 9 ára börnin er vikuleg textílsmiðja þar sem börnin koma í hópum í 2 vikur í senn.*

4. ÞEMAVINNA - HÓPASTARF

Námshæfni – viðmið og mat

Þemaverkefni í Krikaskóla eru unnin með börnum á aldrinum 6 til 9 ára og allar náttúrugreinar og samfélagsgreinar eru samþættar þar. Þemaverkefnið innihalda fjölbreytt viðfangsefni og úrvinnslu hverju sinni. Þemaverkefni ná einnig inn í greinar eins og íslensku, stærðfræði sem og list- og verkgreinar. Markmiðið er að börnin taki þátt í og vinni verkefni sem eru heildstæð og skapi þeim einstakt tækifæri til náms. Börnin vinna úrvinnslu sína á fjölbreyttan hátt m.a. í þemamöppur sem liggja til námsmats.

Greinar sem eru unnar innan þemavinnu er eftirfarandi:

- Náttúrugreinar: Umhverfismennt, lífvísindi, jarðfræði og stjörnufræði auk eðlis- og efnavísinda.
- Samfélagsgreinar: Landfræði, saga, jafnrétti og lífsleikni, heimspeki, siðfræði og trúarbragðafræði.
- Íslenska og stærðfræði, ásamt list- og verkgreinum.

Sérstakir þemadagar eru einnig haldnir í skólanum og þá vinna allir aldurshópar með sömu markmiðin. Leiðirnar eru þá aðlagðar að aldri barna og þroska en lokamarkmiðið sameiginlegt. Dæmi um þemadaga eru: Dagur íslenskrar tungu, dagur stærðfræðinnar, 100 daga hátíð, íþróttadagurinn o.s.frv.

A. VIÐMIÐ UM NÁMSHÆFNI Í ÞEMA

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok 4. árgangs (lokamat):

Efnisþættir:

Náttúrugreinar (umhverfismennt, lífvísindi, jarðfræði, stjörnufræði, eðlis-og efnavísindi):

Viðmið um námshæfni í þema

Við lok árgangs geti barnið:

- Þekkt nærumhverfi sitt, helstu staði og kennileiti.
- Miðlað hugmyndum sínum sem tengjast náttúruvísindum.
- Notað hugtök úr náttúruvísindum.
- Skilið hvernig tækni nýtist í daglegu lífi.
- Gert sér grein fyrir hvernig við erum hluti af náttúrunni og hvernig lífsafkoma okkar byggist á samspili við aðra.



Krikaskóli

Samfélagsgreinar (landafræði, saga, jafnrétti og lífsleikni, heimspeki, siðfræði og trúarbragðafræði):

Við lok árgangs geti barnið:

- Nefnt dæmi um einkenni og stöðu Íslands í ljósi legu, sögu og menningar.
- Sagt frá einkennum og sögu heimabyggðar og tengslum við önnur svæði á Íslandi.
- Bent á tengsl valinna þátta í samfélagi, náttúru, trú og lífsviðhorfi, einkum í nærsamfélaginu.
- Átta sig á að trúar – og lífsviðhorf fólks birtast í mismunandi siðum og venjum.
- Afla sér og nýtt sér vitneskju um samfélagsmálefni í námsgögnum og miðlum.
- Sagt frá völdum þáttum og tímabilum í sögu fjölskyldu og heimabyggðar.
- Bent á nokkrar mikilvægar stofnanir í heimabyggð.
- Lýst kostnaði vegna eigin neyslu og áttað sig á ýmsum tilboðum sem hvetja til útgjalda og neyslu.
- Átta sig á gildi samhjálpur í samfélaginu.
- Bent á dæmi um lýðræðislega þætti í nærsamfélaginu.
- Nefnt dæmi um trúarlegar vísanir í listum og bókmenntum.
- Varast hættur á heimili sínu og í nágrenninu.
- Átta sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra.
- Sagt frá sjálfu sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum.
- Bent á gildi jákvæðra viðhorfa.
- Gera sér grein fyrir hvar styrkur sinn liggur.
- Hlusta á og greint að ólíkar skoðanir.
- Rætt um valin samfélagsleg og siðferðileg málefni.
- Rætt um réttindi og skyldur í nærsamfélaginu og sýnt ábyrgð í samskiptum við aðra.
- Þekki til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- Sýnt að það virði reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar og nefnt dæmi um slíkar reglur.
- Sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi.
- Átta sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og ber virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum.



Krikaskóli

B. MATSVIÐMIÐ OG MATSKVARÐI FYRIR NÁMSHÆFNI Í ÞEMA

Í lok námstíma, við lok annar/skólaárs, er árangur nemenda metinn, þ.e. hversu vel hann hefur tileinkað sér gæðin sem námshæfnin felur í sér. Það er gert út frá viðmiðum á grunni matskvarða sem skóli hefur ákveðið og er kynntur hér neðar. Viðmið einstakra námsgreinar innan námssviðs taka ýmist mið af viðmiðum fyrir námssviðið í heild sinni eða námsgreinina sjálfa ef gerð hafa verið sérstök viðmið fyrir hana.

Matskvarði	Matsviðmið fyrir námshæfni í þema
Hefur náð	Hefur unnið mjög vel að þemaverkefnum vetrarins, sýnt áhuga og frumkvæði. Mjög vandvirkur. Framkoma og umgengni til fyrirmyndar.
Framvinda góð	Hefur unnið vel að þemaverkefnum vetrarins, sýnt áhuga og frumkvæði. Oftast vandvirkur. Framkoma og umgengni oftast góð.
Er að vinna með	Hefur unnið að þemaverkefnum vetrarins. Vinnur nokkuð vel. Vandvirkni, vinnusemi, framkoma og umgengni nokkuð góð.

C. GRUNNÞÆTTIR MENNTUNAR Í ÞEMA

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í þema:

Grunnþáttur

Áhersluþættir grunnþátta menntunar

HEILBRIGÐI OG VELFERÐ:

- Efla sjálfsvitund, siðgæðisvitund, líkamlega og andlega velferð. Getur borið kennsl á gildi s.s. virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum umhyggju og sáttfýsi.

JAFNRÉTTI:

- Gerir sér grein fyrir hvar styrkur hans liggur.
- Átti sig á og geti lýst ýmsum tilfinningum s.s. gleði, sorg og reiði.
- Efla félagsvitund og borgaravitund.

LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI:

- Áttar sig á gildi jafnrétti í daglegum samskiptum.
- Gerir sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna.
- Tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi.
- Bent á dæmi um hefðbundin kynhlutverk og breytingar á þeim.
- Efla félagsvitund og borgaravitund.
- Fjalla um og skoða ýmis málefni nærsamfélagsins.
- Gerir sér grein fyrir réttindum sínum og skyldum í nærsamfélaginu og sýni ábyrgð í samskiptum við aðra.
- Átti sig á lýðræðislegri uppbyggingu og samvinnu í sveitarfélagi sínu.



Krikaskóli

- Átti sig á gildi samhjalpar í samfélaginu.
 - Komi auga á þarfir og vandamál í umhverfi sínu og finni leiðir og lausnir.
 - Efla siðgæðisvitund.
 - Menningarlæsi í tengslum við trúarbrögð, menningu og ólíkar samfélagsgerðir.
 - Séu læs á umhverfi sitt.
 - Verði virkir þátttakendur í aðgerðum til að bæta nánasta umhverfi.
 - Umhverfisvernd og flokkun úrgangs
 - Fjalla um samspil manns og náttúru.
 - Flokka gervi- og náttúruleg efni eftir tilurð þeirra.
 - Rætt hvernig uppfinningar hafa gert líf fólks auðveldara eða erfiðara á heimilum eða í ólíkum atvinnugreinum.
 - Geta beitt sköpun við miðlun og öflunar þekkingar.
 - Geta beitt gagnrýnni hugsun.
 - Efla frumkvæði, forvitni og athafnaþrá.
- LÆSI:
- SJÁLFBÆRNI:
- SKÖPUN:



4.1. ÞEMA 6 OG 7 ÁRA BARNA

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Þemaverkefni eru unnin í samfelldum tíma með barnahópnum. Aldurshópnum er blandað og börnin eru virkjuð til að taka þátt í verkefnum. Þemaverkefni geta verið breytileg eftir árum.

Tímafjöldi: 3 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár). Verkefnið getur tekið meira eða minna pláss tímalega séð fyrir ákveðin verkefni sem eru þá sambætt öðrum greinum. Hvert þemaverkefni er unnið á 4-5 vikna tímabili, allt eftir umfangi þess.

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Lífverur í heimabyggð; Börnin rannsaka helstu lífverur í nánasta umhverfi sínu s.s. fugla, smádýr og plöntur. Þau flokka lífverur eftir eigin hugmyndum og eftir athugun á ytri einkennum. Þau kanna sérkenni dýra og plantna með athugunum og samanburði.
- Ævintýri; Börnin vinna með þekkt ævintýri, setja upp leikþátt eða söngatriði. Þau fá þjálfun í tjáningu og framsögn með aðstoð leikrænnar tjáningar.
- Trúarbrögð; Börnin fræðast um nokkrar frásagnir, helstu hátíðir og sið kristni og annarra trúarbragða, einkum í nærsamfélaginu.
- Jólaverkefni; Börnin kynnast ákveðnum siðum og venjum er tengjast jólahátíðinni á Íslandi áður fyrr og bera saman við nútímann.
- Líkami minn; Börnin læra að þekkja helstu líkamshluta og megin starfsemi þeirra. Þau vinna að því að efla skilning sinn á mikilvægi þátta eins og hreyfingar, hreinlætis, hollrar fæðu og svefns fyrir heilbrigði og líðan. Þau fræðast einnig um ýmsa sjúkdóma, um sýkla og smitleiðir.
- Húsdýrin; Börnin fræðast um einkenni og lifnaðarhætti algengustu húsdýra á Íslandi.
- Hvað langar þig að skoða, rannsaka, læra?; Í þessu verkefni er tekið fyrir ákveðið þema sem börnin velja sjálf. Viðfangsefnið þarf að hafa persónulega merkingu fyrir barnið og vera úr nærumhverfi þess. Verkefnið þarf að byggjast á áhuga barnanna og kennarar að leiða það áfram með tilliti til þess.
- Ég og skólinn minn; Unnið er að því að efla skilning barnanna á mikilvægi tillitsemi og umhyggju í leik og starfi, og í samskiptum við aðra. Einnig að börnin átti sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna og þjálfist í að setja sig í spor jafnaldra.
- Árstíðir, veður og vindar; Börnin skoða og ræða um afleiðingar árstíðarbreytinga í íslenskri náttúru. Þau ræða, skoða og gera athuganir varðandi áhrif árstíða á þau sjálf og daglegt líf, s.s. umhverfi, hitastig og líkama. Þau læra að þekkja einkenni árstíða og hvers vænta má á hverjum tíma. Þau rannsaka og ræða breytinga í náttúrunni s.s. vegna vatns, vinda, mannsins og náttúruhamfara. Þau efla skilning sinn á snúningi jarðar, degi og nótt. Þau öðlast skilning á árstíðunum, vikudögnum og mánuðunum. Þau skrá skipulega niður upplýsingar um veður í stuttan tíma og vinna lýsingar s.s. heitt, kalt, logn, rok o.s.frv. Þau gera tilraunir með vatn og birtingarform



Krikaskóli

þess; gufu, vökva og ís. Þá ræða börnin einnig ólík birtingarform vatns í náttúrunni s.s. jökla, ár. læki, rigningu og snjókomu.

- Gamli tíminn; Börnin velja sér ákveðna siði úr fortíðinni og bera saman við nútímann.
- Lífverur; Börnin flokka dýr eftir því hvort þau eru jurta- eða hræætur. Þau finna út og ræða hvað einkennir lífandi verur og greinir þær frá lífvana hlutum s.s. hreyfing, næring, vöxtur og æxlun. Þau ræða og finna dæmi um lífverur sem þurfa loft, vatn, fæðu og búsvæði til að lifa. Einnig er unnið með íslensk spendýr á landi.
- Ég og fjölskylda mín; Unnið er að því að börnin efli skilning sinn á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna. Þau þjálfast í að segja frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum. Unnið er með mikilvægi reglna í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar, auk þess sem þau læra að þekkja líkar samfélagslegar reglur. Farið er yfir gildi þess að vera hluti af hópi. Skoðaðar eru hættur í nánasta umhverfi barnsins á heimili og við skóla.
- Rannsóknarverkefni; Börnin vinna með upplifun og skynjun sína á fjölbreyttan máta. Svo sem breytingar á hljóði, ljósi og skugga, bragði, lykt og lögum.
- Hreyfing og kraftur; Börnin gera athuganir á þyngdarkrafti og núningskrafti í daglegu lífi. Þau gera einfaldar tilraunir s.s. af hverju hlutir fara af stað, stöðvast, breyta um stefnu, fara hægt eða hratt o.s.frv.
- Land og þjóð; Unnið er að börnin efli þekkingu sína á einkennum og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu, sögu og menningar. Þau þekki íslenska fánann og hvað litir hans tákna, skjaldarmerki Ísland og söguna af landvættunum. Unnið er með íslenska þjóðsönginn og þjóðhátíðardaginn. Efldur er skilningur barna á lögum og reglum og að til eru landslög og alþjóðareglur. Mikilvægar stofnanir samfélagsins er kannaðar og skoðaðar.

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og barnið nýtir sér við námið eru:

- Fjölbreytt námsgögn sem unnið er með hverju sinni.
- Hlutbundin efniviður, fjölbreytt efni af vefsíðum og fleira.
- Stuðst er við eftirfarandi námsbækur:
 - Komdu og skoðaðu bóka flokkurinn.
 - Trúarbrögðin okkar.
 - Efni af Veraldarvefnum.
 - Fræðibækur.
 - Kortabækur.
 - Kostuleg kort og gröf.
 - Greiningalyklar um smádýr.
 - Algeng fjörudýr.
 - Auðvitað.
 - Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna.
 - Bókin um Tíslu, o.fl.



Krikaskóli

ýmsar bókmenntir og gæðatexti sem hæfa viðfangsefninu.

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan, innan og utan skóla (heima), fram á eftirfarandi hátt:

- Unnið er í fjölbreyttum og aldursblönduðum hópum með 6 og 7 ára börnum. Farið er í vettvangsferðir og rannsóknarleiðangra í tengslum við þemavinnu hverju sinni.

4.2. ÞEMA 8 OG 9 ÁRA BARNNA

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

Þemaverkefni eru unnin í samfelldum tíma með barnahópnum. Aldurshópnum er blandað og börnin eru virkjuð til að taka þátt í verkefnum. Verkefnin eru unnin í ákveðinni röð sem dreifist á árin þeirra í skólanum.

Tímafjöldi: 3 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár). Verkefni getur tekið yfir lengri tíma eftir eðli þeirra og eykst þá samþætting við aðrar greinar.

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Atvinna í heimabyggð; Börnin kynna sér störf fólks og atvinnuhætti í heimabyggð. Þau læra um hlutverk nokkurra þjónustustofnana í samfélaginu s.s. skóla, banka og lögreglu.
- Þau fræðast um tengsl framleiðslu og þjónustu með því að skoða og rannsaka framleiðsluferli vöru, frá framleiðanda til neytanda.
- Þjóðsögur í heimabyggð; Börnin vinna með þjóðsögur úr heimabyggð og þjálfast í framsögn og tjáningu með aðstoð leikrænnar tjáningar. Einnig er unnið með endursagnir, bæði út frá hlustun og lestri.
- Þróun byggðar; Skoðaðir eru nokkrir þættir sem hafa haft áhrif á mannlífið í tímans rás, svo sem umhverfi og skipulag samfélaga. Börnin fræðast um einkenni og sögu heimabyggðar og skoða í tengslum við önnur svæði á landinu. Börnin skoða, ræða og vinna með ýmsa atburði og persónur á völdum tímum sem eru til umræðu í nærsamfélaginu og velti fyrir sér upplýsingum, gildi þeirra og áreiðanleika.
- Heimabyggðin og kortavinna; Unnið er að því að börnin átti sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra. Þau búa til einfalt kort af nánasta umhverfi sínu. Þau kanna þekkta staði úr sínum landsfjórðungi á kortum og myndum og læra að greina algeng fyrirbæri á loftmynd af nánasta umhverfi.
- Trúarbrögð; Börnin fræðast um nokkrar frásagnir, helstu hátíðir og siði kristni og annarra trúarbragða, einkum í nærsamfélaginu.



Krikaskóli

- Íslensk náttúra; Börnin skoða íslenska náttúru með það að leiðarljósi að gera sér grein fyrir nokkrum einkennum þess að náttúrufar breytist vegna ytri áhrifa. Þau læra um náttúruhamfarir og afleiðingar þeirra á daglegt líf fólks. Einnig fræðast þau um helstu jarðhræringar sem verða á Íslandi, s.s. eldgos og jarðskjálfta og æfa viðbrögð við mögulegum náttúruhamförum í heimabyggð sinni, s.s. jarðskjálfta, flóði, snjóflóði og eldgosi. Unnið er að því að efla skilning þeirra á gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni.
- Jörðin og fólk í ólíkum menningarheimum; Börnin læra að þekkja og finna á hnattlíkani og/eða korti heimsálfurnar og úthöfin. Þau athuga hvar er sjór og hvert er megineinkenni landslags. Þau vinna með hugtök eins og miðbaugur, norður- og suðurpóll. Þau skoða loftslag og gróðurfar á jörðinni með tilliti til áhrifa á líf fólks. Börnin fræðast um mismunandi menningarsvæði í heiminum, ólíkan bakgrunn fólks, mismunandi viðhorf, siði og venjur sem hafa áhrif á trúar og lífsviðhorf fólks. Þau auka þekkingu sína á fjölbreytileika manna í ólíkum þjóðfélögum, að fólk talar ólík tungumál og þau velta fyrir sér spurningum sem tengjast trú, lífsviðhorfi og breytni.
- Himingeimurinn; Börnin gera athuganir á himingeiminum og skoða stjörnumerki sem sjást frá Íslandi. Þau fræðast um geimrannsóknir og áhrif þeirra á m.a. tækniþróun í heiminum. Unnið er að því að efla skilning barnanna á innbyrðis afstöðu jarðar, tungls og sólar. Þau skoða hvernig hnattlögun og hreyfingu jarðarinnar orsakar dag, nótt og árstíðaskipti. Þau gera athuganir á stefnu skugga við tíma dags og þau gera athuganir á útliti tunglsins, hvernig það breytist á einum tunglmánuði.
- Athuganir á ýmsum efnum; Börnin gera tilraunir með ýmis efni. Þau rannsaka það hvað verður um efni sem leyst eru upp í vatni og hamskipti efna. Þau gera tilraunir um áhrif mismunandi hitastigs á leysni og skoða samhengi mismunandi ástand efna og eiginleika þeirra.
- Hvað langar þig að skoða, rannsaka, læra?; Í þessum verkefnum er tekið fyrir ákveðið þema eða viðfangsefni og það ítarlega rannsakað út frá áhuga barnanna. Viðfangsefnið er tekið úr því umhverfi sem börnin þekkja og það nálgast þannig að það hafi persónulega merkingu fyrir barnið. Viðfangsefnið getur verið ákvarðað af börnunum eða kennaranum, en það er alltaf eðlislægur áhugi barnanna sem ræður ferðinni. Markmiðssetningar úr námskrám leiða verkefnið ekki endilega af stað og ekki áfram, heldur kviknar neistinn hjá börnunum. Þau koma auga á eitthvað í umhverfinu sem áhugavert er að skoða og rannsaka.
- Ég og samfélagið; Börnin vinna að sérstökum viðfangsefnum þar sem þau ræða og vinna með valin samfélagsleg, siðferðileg og heimspekileg málefni. Þau vinna með hugtökin virðing, umhyggja og sáttfýsi. Börnin vinna einnig með mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, og að sýna fólki umhyggju og sáttfýsi. Þau skoða fyrirmyndir sínar í lífinu og hvaða áhrif þær geta haft. Börnin vinna að því að greina styrkleika sína og skoða mikilvægi jákvæðra viðhorfa og gilda. Þau þjálfast í að greina og lýsa ýmsum tilfinningum sínum svo sem gleði, sorg og reiði. Þau ræða og greina margvísleg áreiti í umhverfinu, bæði jákvæð og neikvæð, og hvaða áhrif þessi áreiti geta haft á líf þeirra. Börnin þjálfast í að hlusta á og greina að ólíkar skoðanir auk þess



Krikaskóli

að átta sig á samhengi orða, athafna og afleiðinga. Þau skoða neyslu sína í daglega lífinu, rýna í kostnað, gera áætlanir, setja sér markmið og gera sér áætlanir við úrlausn afmarkaðra verkefna.

- Jafnrétti; Unnið er að því að börnin átti sig gildi jafnréttis í daglegum samskiptum og að þau geri sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna. Á markvissan hátt æfa þau samstarf og samræður í jafningjahópi og ræða málefni er varðar jafnrétti í viðum skilningi.
- Ísland áður fyrr; Börnin skoða, ræða og kanna ýmsa þætti sem hafa haft áhrif á mannlífið í tímans rás, svo sem umhverfi og skipulag samfélaga. Þau skoða gerð og mótun íslensks samfélags fyrr og nú. Þá gera þau athuganir á völdum þáttum og tímabilum í sögu fjölskyldu og heimabyggðar. Þau skoða og rannsaka hvernig sagan birtist í munum og minningum. Þau læra um atburði og persónur á völdum tímum sem eru til umræðu í nærsamfélaginu.
- Uppfinningar og tækni; Unnið er að því að börnin átti sig á áhrifum tækninnar og framkvæmda á mannlíf og umhverfi. Einnig að þau geri sér grein fyrir notkun og þróun algengra rafmagnstækja sem tengjast daglegu lífi, skoði og athugi algengustu orkugjafa í umhverfinu. Þau þjálfast í að vinna eftir verkferli nýsköpunar, þ.e. leita að þörfum í daglegu umhverfi fyrir nýsköpun og vinna verkferlin.
- Samfélagsleg þátttaka og ábyrgð; Börnin fjalla um og skoða ýmis málefni nærsamfélagsins. Þau fjalla um og efla skilning sinn réttindum sínum, skyldum í nærsamfélaginu og mikilvægi þess að skilja og gera sér grein fyrir ábyrgð sinni í samskiptum við aðra. Unnið er að því að börnin átti sig á lýðræðislegri uppbyggingu og samvinnu í sveitafélagi sínu en einnig að þau átti sig á gildi samhjálpur í samfélaginu. Börnin gera samfélagslegar athuganir þar sem þau skoða þarfir og vandamál í umhverfi sínu og finna leiðir að lausn. Unnið er að því að efla skilning barnanna á mikilvægi virkrar þátttöku í aðgerðum til að hafa áhrif og bæta nánasta umhverfi.
- Lífverur; Börnin skoða og geri athuganir á algengustu lífverum í nánasta umhverfi. Þau skoða hvernig umhverfi lífvera og mismunandi lífsskilyrði geta mótað einkenni þeirra með því athuga lífsskilyrði lífveranna og tengsl við umhverfið. Unnið er að því að efla með börnunum virðingu fyrir umhverfi sínu, lífsskilyrðum lífvera og að þau geri sér grein fyrir því að þau geti haft um það að segja hvernig umhverfi þau lifa í.

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og barnið nýtir sér við námið eru:

- Fjölbreytt námsgögn sem unnið er með hverju sinni.
- Hlutbundin efniviður, fjölbreytt efni af vefsíðum og fleira.
- Þemabækur sem skólinn lætur búa til fyrir sig á hverju ári.
- Komdu og skoðaðu bókaflökkurinn.
- Trúarbrögðin okkar.
- Efni af Veraldarvefnum.
- Fræðibækur.



- Kortabækur.
- Kostuleg kort og gröf.
- Greiningalyklar um smádýr.
- Algeng fjörudýr.
- Auðvitað.
- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna.
- Bókin um Tíslu og fl.
- Ýmsar bókmenntir og gæðatexti sem hæfa viðfangsefninu.

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan, innan og utan skóla (heima), fram á eftirfarandi hátt:

- Unnið er í fjölbreyttum hópum, Farnar eru vettvangsferðir og rannsóknarleiðangrar í tengslum við þemavinnu hverju sinni.



5. SKÓLAÍPRÓTTIR

Námshæfni – viðmið og mat

Börn á aldrinum 6 til 8 ára eru í sínum íþróttum í Krikaskóla, bæði inni og úti. Ekki er eiginlegur íþróttasalur í Krikaskóla né búningsaðstaða en hreyfisvæði er gott fyrir yngri barna kennslu. Þau sækja sund í innilaugina í Lágafellslaug og fara þangað með skólabíl.

Börnin í 9 ára hópnum fara í íþróttakennslu í íþróttahúsinu við Varmá. Þar er kennt í stórum íþróttasal. Það er mikilvægur áfangi og hluti af því að brúa bilið milli Krikaskóla og Varmárskóla með hag barnanna að leiðarljósi. Börnin sækja sund í útilaugina í Varmárlaug og eru keyrð með skólabíl.

A. VIÐMIÐ UM NÁMSHÆFNI Í SKÓLAÍPRÓTTUM

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni barns í lok árgangs (lokamat):

Efnisþættir:

Líkamsæfingar, styrkur og þol:

Viðmið um námshæfni í skólaíþróttum

Við lok árgangs geti barnið:

- Gert ýmsar líkamsæfingar til að bæta styrk og úthald (4-9 ára).
- Gert krabbastöðu við vegg með aðstoð (4-5 ára).
- Tekið þátt í lengri hjóla og/eða gönguferðum (6-9 ára).
- Skokkað/hlaupið 250 m án þess að stoppa (6 ára).
- Skokkað/hlaupið 500 m án þess að stoppa (7-9 ára).
- Gert höfuðstöðu við vegg (6-9 ára).
- Gert krabbastöðu við vegg (6 ára).
- Gert krabbastöðu út á gólfi (7-9 ára).
- Gert kollhnís aftur á bak og áfram (6 ára).
- Þekkt og gert æfingar sem reyna á bringu og bak (7-9 ára).
- Þekkt og gert æfingar sem reyna á fætur og kvið (7-9 ára).
- Gert handahlaup og arabastökk (7-9 ára).

Líkamsvitund, samhæfing og liðleiki:

Við lok árgangs geti barnið:

- Þekkt mun á spenntum og slökum líkama (4-9 ára).
- Kastað og gripið bolta (4-9 ára).
- Velt sér í kollhnís (4-6 ára).
- Staðið á einum fæti án stuðnings (6 ára).
- Driplað og rekið bolta (6 ára).
- Hoppað á öðrum fæti í smá stund (6 ára).
- Hoppað 10 m á öðrum fæti án stuðnings (7-9 ára).



Krikaskóli

- Driplað og rekið bolta milli keila (7-9 ára).
- Sippað 10 sinnum (7-9 ára).
- Kastað bolta með gagnstæðan fót frammi (7-9 ára).
- Hoppað upp og kastað bolta (7-9 ára).
- Gert undir og yfiruppgjöf í blaki (7-9 ára).
- Valhoppað 10 m (9 ára).

Leikir og reglur:

Við lok árgangs geti barnið:

- Skilið og farið að reglum leikja (4-6 ára).
- Farið að fyrirmælum kennara (4-6 ára).
- Skilið reglur sem gilda í íþróttakennslu (6-9 ára).
- Skilið og útskýrt grunnreglur fótbolta, körfubolta, handbolta, blaks og bandýs (7-9 ára).

Sund:

Við lok árgangs geti barnið:

- Leikið sér í vatni án ótta (5 ára).
- Farið í kaf og blásið (5-6 ára).
- Flotið á baki eða bringu með eða án hjálpartækja (6 ára).
- Gengið með andlit í kafi 2,5 m eða lengra.
- Gert bringusundsfótatök við bakka með eða án hjálpartækja (6 ára).
- Gert skriðsundsfótatök við bakk með eða án hjálpartækja (6 ára).
- 12 m bringusund án hjálpartækja (7-9 ára).
- 12 m skólabaksund án hjálpartækja (7-9 ára).
- 12 m skriðsund með hendur fram án hjálpartækja (7-9 ára).
- 12 m baksundsfótatök án hjálpartækja (7-9 ára).
- Kafað eftir hlut á 1-1,5 m dýpi.
- Gert marglyttuflot með því að rétta úr sér (8-9 ára).
- Spyrnt frá bakka og rennt með andlit í kafi í minnst 2,5 m (8-9 ára).
- Synt 25 m bringusund án hjálpartækja (9 ára).
- Synt 15 m skólabaksund án hjálpartækja (9 ára).
- Synt 12 m skriðsund án hjálpartækja (9 ára).
- Synt 12 m baksund án hjálpartækja (9 ára).
- Gert stungu úr kroppstöðu af bakka (9 ára).



Krikaskóli

B. MATSVIÐMIÐ OG MATSKVARÐI FYRIR NÁMSHÆFNI Í SKÓLAÍPRÓTTUM

Í lok námstíma, við lok annar/skólaárs, er árangur barna metinn, þ.e. hversu vel barnið hefur tileinkað sér gæðin sem námshæfnin felur í sér. Það er gert út frá viðmiðum á grunni matskvarða sem skóli hefur ákveðið og er kynntur hér neðar. Viðmið fyrir einstaka námsgreinir innan námssviðs taka ýmist mið af viðmiðum fyrir námssviðið í heild sinni eða námsgreinina sjálfa ef gerð hafa verið sérstök viðmið fyrir hana.

Matskvarði	Matsviðmið fyrir námshæfni í skólaípróttum
Hefur náð	Barnið hefur mjög góða hreyfifærni og getur framkvæmt þær æfingar sem kenndar hafa verið mjög vel. Barnið hefur sýnt fram á að það búi yfir miklum styrk, úthaldi, hreyfanleika, samhæfingu og leikni. Barnið hefur tileinkað sér mjög gott viðhorf gagnvart íþróttakennslu og þeim reglum sem þar gilda.
Framvinda góð	Barnið hefur góða hreyfifærni og getur framkvæmt þær æfingar sem kenndar hafa verið vel. Barnið hefur sýnt fram á að það búi yfir góðum styrk, úthaldi, hreyfanleika, samhæfingu og leikni. Barnið hefur tileinkað sér gott viðhorf gagnvart íþróttakennslu og þeim reglum sem þar gilda.
Er að vinna með	Barnið hefur sæmilega hreyfifærni og getur framkvæmt þær æfingar sem kenndar hafa verið sæmilega. Barnið hefur sýnt fram á að það búi yfir sæmilegum styrk, úthaldi, hreyfanleika, samhæfingu og leikni. Barnið hefur tileinkað sér sæmilegt viðhorf gagnvart íþróttakennslu og þeim reglum sem þar gilda.

Matskvarði	Matsviðmið fyrir námshæfni í skólasundi
Hefur náð	Barnið getur framkvæmt grunnatriði sundaðferða mjög vel og hefur mjög gott vald á þeim sundaðferðum sem kenndar hafa verið. Barnið hefur tileinkað sér öryggis- og skipulagsreglur sundstaðar mjög vel.
Framvinda góð	Barnið getur framkvæmt grunnatriði sundaðferða vel og hefur gott vald á sundaðferðum sem kenndar hafa verið. Barnið hefur tileinkað sér öryggis- og skipulagsreglur sundstaðar vel.
Er að vinna með	Barnið getur framkvæmt grunnatriði sundaðferða sæmilega og hefur sæmilegt vald á sundaðferðum sem kenndar hafa verið. Barnið hefur tileinkað sér öryggis- og skipulagsreglur sundstaðar sæmilega.



Krikaskóli

C. GRUNNÞÆTTIR MENNTUNAR Í SKÓLAÍÞRÓTTUM

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í skólaíþróttum:

Grunnþáttur

Áhersluþættir grunnþátta menntunar

HEILBRIGÐI OG VELFERÐ:

- Barnið skilji að líkamshreyfing er mikilvæg góðri heilsu.
- Barnið læri að njóta hreyfingar.
- Barnið skilji að grænmeti og ávextir eru hollir fyrir heilsu.
- Barnið verði meðvitað um mikilvægi hollrar næringar.
- Barnið skilji að heilsa hefur ekki bara með líkamlega sjúkdóma að gera heldur einnig andlega, félagslega og líkamlega vellíðan.
- Barnið skilji að allir hafi jafnan rétt á að stunda og taka þátt í íþróttum, sundi og leikjum.

JAFNRÉTTI:

- Barnið skilji að allir standi jafnfætis og ekki megi mismuna.
- Barnið taki tillit til fötlunar og/eða hömlunar hjá skólafélögum
- Börn skilji að allir hafi sína skoðun, megi láta hana í ljós án þess að eiga á hættu útilokun frá þátttöku.
- Börnin beri virðingu hvert fyrir öðru.

LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI:

- Börn geti tjáð sig í gegnum hreyfingu.
- Börnin geti tjáð löngun sína og áhuga á íþróttum og sundi.
- Börnin geti skilið fyrirmæli, bæði orðuð og rituð.
- Barnið geti tjáð tilfinningar og skoðanir sínar í aðstæðum.

LÆSI:

- Barnið sé virkt í tímanum.
- Barnið skilur að það er ábyrgt fyrir eigin þátttöku og námi.
- Barnið haldi forvitni sinni og vilji uppgötva nýjar leiðir.

SJÁLFBÆRNI:

- Barnið geti útfært hreyfingu sína með markvissum hætti.
- Börnin geti breytt reglum og útfært leiki til að koma til móts við fjölbreyttar aðstæður.

SKÖPUN:



5.1. ÍPRÓTTIR

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

Tímafjöldi: Börn á aldrinum 6 til 9 ára fá 80 mínútur á viku, yfir 200 daga skólaárið.

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Að koma til móts við mikla hreyfipörf í gegnum leiki og íþróttir.
- Að auka skynfæri með skynhreyfileikjum og hlutverkjaleikum og markvissar æfingar. Þessir þættir bæta einnig gróf- og fínhreyfingu.
- Virðing og umbyrðarlyndi í gegnum leik, íþróttir og hreyfingu.
- Helstu viðfangsefni eru: Hlaup, hopp, kasta og grípa bolta, dripl og rekja bolta, spyrnur, jafnvægi í kyrrstöðu og hreyfingu, þol, samhæfing augna, handa og fóta í ýmsum hreyfingum, grundvallar fimleikaæfingar eins og kollhnísa, handa- og höfuðstaða við vegg.

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og barnið nýtir sér við námið eru:

- Ýmsar kennslubækur, hugmyndir og veraldarvefurinn til að finna efni og æfingar til kennslu.
- Íþróttafatnaður eða annar fatnaður sem hindrar ekki hreyfingar barnanna.

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan, innan og utan skóla (heima), fram á eftirfarandi hátt:

- Í íþróttasal með ýmsum áhöldum þar sem kennari hjálpar til með að ná settum markmiðum.
- Á útisvæði skólans með ýmsum áhöldum þar sem kennari hjálpar til með að ná settum markmiðum.
- Heima eða í frístundaríþrótt, en þar hjálpa foreldrar eða þjálfarar til.

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við börnin að læra út frá eigin forsendum og til þess að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Kennari útskýrir viðfangsefni kennslustundar vel og vandlega. Kennari ýtir undir að börnin komi með hugmyndir og viðfangsefni í kennslustund þegar það á við.
- Börnin eru mismunandi og þess vegna skal kennari aðlaga viðfangsefni kennslustundar að þeim þannig að hvert barn komi úr tímanum með meiri reynslu og getu.



5.2. SUND

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

Börnin í 6 til 8 ára hópi sækja sund vikulega í Lágafellslaug. Þau eru í 40 mínútur vikulega yfir 200 daga skólaárið. Börnin í 9 ára hópi sækja sund vikulega í Varmárlaug og þau eru í 40 mínútur vikulega yfir 180 daga skóladaga (skv. skóladagatali Varmárskóla). Þá daga sem ekki er kennt sund kemur íþróttakennsla á móti í Krikaskóla.

Tímafjöldi: 40 mín. kennlustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Grunnþættir sundkennslu

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og barnið nýtir sér við námið eru:

- Sundfatnaður, handklæði og ef vill sundgleraugu.
- Kútur, korkur, flotbelti, ýmis leikföng sem kennslusundlaugin hefur að bjóða.
- Bókin Skólasund: Kennarahandbók (Námsgagnastofnun, 2000) er megin stuðningur kennara í skólasundi.

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan, innan og utan skóla (heima), fram á eftirfarandi hátt:

- Sundkennsla fer fram í innilaug í Lágafellslaug fyrir 6 til 8 ára.
- Sundkennsla fer fram í útilaug í Varmárlaug fyrir 9 ára.
- Foreldrar eru hvattir til að fara með börnum sínum í sund.

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við börnin að læra út frá eigin forsendum og til þess að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Kennarar kenna undirstöðuatriði sunds gegnum leiki, stöðvakennslu og endurtekna þjálfun.

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:



Krikaskóli

a. Lykilhæfni:

- Barnið öðlist getu til að vera í vatni án óþæginda og hræðslu.
- Barnið lætur vatn í augun ekki trufla sig of mikið í sundkennslu.
- Sundþol eykst.

b. Náms hæfni:

- Barnið sýnir sundi áhuga og hefur sjálfur frumkvæði af viðfangsefni kennslustunda sem kennari ýtir undir.
- Börnin geti leyst vandamál án inngrips kennara.
- Börnin eflist í samvinnu, félagslegri hæfni og við að tjá tilfinningar sínar.



6. STÆRÐFRÆÐI

Í Krikaskóla er áhersla á samfellu í námi barna frá 2ja ára til 9 ára í stærðfræði. Efla skal nám og skilning barnanna þannig að þau öðlist hagnýtt læsi í stærðfræði.

Unnið hefur verið í Krikaskóla með þrautalausnir og skilning barna á stærðfræði með hugmyndafræðinni um „Stærðfræði byggð á skilningi barna“ (SKSB) eða „Cognitively Guided Instruction“ (CGI) frá skólaárinu 2009-2010. Einnig hefur verið byggt á kennsluefninu „Sproti“ fyrir börnin á aldrinum 6 til 9 ára.

Námshæfni – viðmið og mat

Nám í grunnskóla skal hafa sem mest gæði og þess vegna byggir grunnskólastarfið á viðmiðum um hæfni sem grundvöll gæðanna. Þau nefnast námshæfni þegar gæðin tengast átta námssviðum aðalnámskrár (og öllum námsgreinum innan hvers námssviðs). Aðalnámskrá skilgreinir námshæfni fyrir 4., 7. og 10. bekk, en fyrir aðra árganga skilgreina skólar/kennarar viðmið um námshæfni í einstaka námssviðum. Í einhverjum tilvikum er valið að hæfniviðmið séu sér fyrir hverja námsgrein frekar en fyrir viðkomandi námssviðið í heild sinni sem er þá ákvörðun viðkomandi skóla.

A. VIÐMIÐ UM NÁMSHÆFNI Í STÆRÐFRÆÐI

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni barns í lok 4. bekkjar (lokamat):

Efnisþættir: **Viðmið um námshæfni í stærðfræði**

Tölur og

talnaskilningur:

Við lok árgangs geti barniði:

- Reiknað með náttúrlegum tölum á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt, raðað þeim og borið saman, unnið með sætisgildi.
- Þróað hentugar aðferðir sem byggja á skilningi við að reikna samlagningar-, frádráttar-, margföldunar-, og deilingardæmi.
- Leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugareikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum. Nýtt sér einföld brot og hlutföll í daglegu lífi.
- Tekið þátt í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði, unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna.

Algebra:

Við lok árgangs geti barniði:



Krikaskóli

- Kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnamynstrum og öðrum mynstrum á fjölbreyttan hátt og spáð fyrir um framhald mynsturs, t.d. með því að nota líkön og hluti.
- Notað táknmál stærðfræðinnar til að meta sanngildi og tjá vensl eins og jöfnuð og röð.
- Fundið lausnir á jöfnum með óformlegum aðferðum og rökstutt þær.

Rúmfræði og mælingar:

Við lok árgangs geti barnið:

- Notað hugtök úr rúmfræði s.s. form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi.
- Gert óformlegar rannsóknir á tví- og þrívíðum formum, teiknað skýringarmyndir af þeim og hlutum í umhverfi sínu.
- Áætlað og mælt ólíka mælieiginleika, s.s. lengd, flöt, rými, þyngd, tíma og hitastig með óstöðluðum og stöðluðum mælitækjum og notað viðeigandi mælikvarða.
- Rannsakað og gert tilraunir með rúmfræði á einfaldan hátt með því að nota tölvur og hlutbundin gögn.
- Speglað og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn.
- Borið saman niðurstöður mismunandi mælinga og túlkað niðurstöður sínar.

Tölfræði og líkindi:

Við lok árgangs geti barnið:

- Safnað gögnum í umhverfi sínu og um eigið áhugasvið.
- Talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit
- Tekið þátt í umræðum um gagnasöfnun og myndrit, bæði eigin og annarra og gert einfaldar tilraunir með líkur.
- Tekið þátt í umræðum um tilviljanir og líkur.

B. MATSVIÐMIÐ OG MATSKVARÐI FYRIR NÁMSHÆFNI Í STÆRÐFRÆÐI

Í lok námstíma, við lok annar/skólaárs, er árangur barnsins metinn, þ.e. hversu vel það hefur tileinkað sér gæðin sem námshæfnin felur í sér. Það er gert út frá viðmiðum á grunni matskvarða sem skóli hefur ákveðið og er kynntur hér neðan. Viðmið einstakra námsgreina innan námssviðs taka ýmist mið af viðmiðum fyrir námssviðið í heild sinni eða námsgreinina sjálfa ef gerð hafa verið sérstök viðmið fyrir hana.

Í Krikaskóla hafa kennarar birt umsögn sína frekar en kvarða á vitnisburðarblaði barna á aldrinum 6 til 9 ára. Vitnisburður er birtur að vori. Hér er samræmdur texti fyrir vitnisburð eins og hann hefur verið þróaður innan skólans.



Krikaskóli

Matskvarði	Matsviðmið fyrir námshæfni í stærðfræði
Hefur náð	<i>Hefur mjög góðan talna- og hugtakaskilning, skilur námsefnið vel og vinnur af öryggi.</i>
Framvinda góð	<i>Hefur góðan talna- og hugtakaskilning, er dugleg að tileinka sér námsefnið og vinnur vel.</i>
Er að vinna með	<i>1. Hefur nokkuð góðan talna- og hugtakaskilning, er með aðlagð námsefni og vinnur oftast vel. 2. Hefur nokkuð góðan talna- og hugtakaskilning, er duglegur að tileinka sér námsefnið og vinnur oftast vel.</i>

C. GRUNNPÆTTIR MENNTUNAR Í STÆRÐFRÆÐI

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í stærðfræði:

Grunnþáttur

Áhersluþættir grunnþátta menntunar

HEILBRIGÐI OG VELFERÐ:

- Börnin öðlist skilning á gildi stærðfræði í daglegu lífi.
- Börnin tengi þekkingu á stærðfræði og heilbrigðu lífi. Til að skilja og ná tökum á t.d. magni sykurs í matvælum þarf skilning á magnhugtökum og þekkingu á tölum.

JAFNRÉTTI:

- Barnið skilji að allir hafi rétt á að læra stærðfræði og taka þátt á sinn hátt.
- Börnin læri að setja sig í spor annarra og skilja ástæðu ólíkra námsleiða.
- Börnin átti sig á ólíkum þörfum hvers annars og leita leiða til að koma til móts við alla í hópnum.

LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI:

- Börnin læri að tjá skoðun sína og virða skoðanir annarra.
- Börnin læri að bera virðingu fyrir sínum lausnum og lausnum annarra.
- Börnin sjá margar leiðir að sömu úrlausn.
- Börnin efla með sér samstarf og samvinnu til að komast að niðurstöðu í verkefnum sínum.

LÆSI:

- Börnin efla hugtakaskilning sinn og miðli hvert til annars með samræðu.
- Börnin læri að setja fram lausnir sínar með skráningu af ýmsu tagi.
- Börnin nái að efla sig í úrlausnum flókinna verkefna með auknum aldri og þroska.

SJÁLFBÆRNI:

- Barnið sé virkt í þekkingarleit sinni og starfi með öðrum.
- Barnið átti sig á ábyrgð sinni á eigin þátttöku og námi.

SKÖPUN:

- Barnið haldi í forvitni sína og vilji leita og uppgötva nýjar leiðir.



Krikaskóli

- Barnið skráir á skapandi hátt úrlausnir sínar.
- Verkefni gefi færi á fleiri en einni leið til lausnar.
- Barnið geti aðlagð „reglur“ að aðstæðum hverju sinni.



6.1. STÆRÐFRÆÐI

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar í kennsluáætlunum.

1. bekkur:

Börnin vinna verkefni þar sem þau leggja saman, draga frá, margfalda deila og til að finna lausn. Unnið er með tölur, talnarunur og þulur. Þau flokka, telja og skrá hluti eftir eiginleikum og rökstyðja flokkun og vinna verkefni með rökkubba. Unnið er að því að leysa og búa til þrautir og unnið er með margs konar hjálpargögn við lausnir verkefna. Börnin þjálfast í að finna ólíkar leiðir að lausn, bera saman ólíkar leiðir að sömu lausn og útskýra sínar leiðir. Þau vinna ýmis verkefni til þess að auka talnaskilning sinn. Unnið er með mynstur í umhverfinu s.s. talnamynstur og hljóðmynstur. Börnin fást við ýmiss konar byggingarleiki, skoða tvívíða og þrívíða hluti, form í umhverfi sínu og lögum hluta. Þá bera þau saman, áætla og mæla lengdir, fleti, þyngd, tíma og hitastig. Börnin vinna með speglun, speglunarás og samhverfur. Unnið er að því að efla skilning á ýmsum hugtökum og táknum stærðfræðinnar, en auk þess að börnin taki virkan þátt í samræðum um stærðfræðileg viðfangsefni. Börnin gera rannsóknir, skrá niðurstöður sínar í súlurit, ræða niðurstöðurnar og gera rannsóknir með líkur.

2. bekkur:

Unnið er að því að auka talnaskilning barnanna. Börnin áætla fjölda, telja og sannreyna ágiskun sína. Þau vinna fjölbreytt verkefni sem eflir skilning á uppbyggingu tugakerfisins. Börnin raða tölum í flokka eftir tilteknum eiginleikum, svo sem oddatölur, sléttar tölur, tugtölur og hundraða tölur. Börnin þjálfast í að nota mismunandi hjálpargögn við lausnir verkefna og leysa verkefni úr daglegu umhverfi sínu. Börnin skoða talnamynstur út frá endurtekinni samlagningu, kynnast deilingu sem skiptingu og endurteknum frádrætti. Börnin spila og fara í leiki sem reyna á talnavinnu, rúmfræði, rökhugsun og hugkvæmni. Börnin fást við ýmis konar mælingar, s.s. hita-, vökva-, þyngd- og lengdarmælingar. Búa til flatarmyndir úr tvívíðum formum auk þess vinna með samhverfur og speglun. Börnin gera töflur og einföld súlurit, taka þátt í umræðum og fást við útreikninga út frá þeim upplýsingum sem þar koma fram. Þau fást við viðfangsefni er tengjast því hvort líklegt eða ólíklegt sé að eitthvað gerist.

3. bekkur:

Börnin kynnast mismunandi reikniaðferðum sem nota má við útreikninga með tveggja og þriggja stafa tölur. Þau þjálfast í að finna ólíkar leiðir við lausn verkefna og bera saman mismunandi leiðir að sömu lausn. Börnin vinna með talnamynstur, námundun og neikvæðar tölur. Unnið er að því að efla skilning barnanna á tugakerfinu. Börnin skipta safni áþreifanlegra hluta, skoða regluleika í mynstri og búa til talnamynstur og talnarunur. Börnin vinna með þrívíða hluti. Þau bera saman, áætla og mæla lengdir, fleti, rými, þyngd, tíma og hitastig. Börnin skoða, skilgreina og ræða um horn, brúnir og hliðarfleti. Börnin áætla hvað vörur kosta, reikna út, borga og gefa til baka. Þau



Krikaskóli

vinna með tímaáætlanir og þjálfast í að lesa á tölvuklukku og klukku með skífu. Börnin gera rannsóknir á umhverfi sínu, telja, flokka, skrá og lesa úr niðurstöðum og setji upp í myndrit.

4. bekkur:

Börnin leysa verkefni úr daglegu umhverfi sínu þar sem þarf að leggja saman, draga frá, margfalda og deila til að finna lausn. Þau skoða og bera saman mynstur í margföldunartöflum. Börnin skoða eðli reikniaðgerða og kanni innbyrðis tengsl þeirra. Þau þjálfast í að nota þekkingu á tugakerfinu við hugarreikning og við lausn dæma. Þau námunda tölur að næsta heila tug eða hundraði. Þau taka þátt í umræðum um stærðfræðileg efni og þjálfast í að spyrja spurninga. Þau búa til þrautir og vinna með öðrum að lausn þeirra, ræða um og prófa mismunandi lausnarleiðir og skýra lausnarferli sitt fyrir öðrum. Þau fást við viðfangsefni sem reyna á rúmfræði, rökhugsun og hugkvæmni. Börnin vinna með flatarmál, þau læra að þekkja og nota viðeigandi mælieiningar og mælitæki. Börnin læra að spegla, hliðra og vinna með samhverfur. Þá læra þau að þekkja hvöss, gleið og rétt horn. Börnin vinna með þrívíða hluti.

Tímafjöldi: 6 kennslustundir á viku. Verkefni getur orðið umfangsmeira og hluti þess er samþættur inn í þemavinnu.

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Leikur með tölur og talnarunur, þulur og númer í leikjum, tónlist og raunveruleg verkefni.
- Einfaldar þrautalausnir frá 3ja ára aldri þar sem þau leggja saman og draga frá á hlutbundinn hátt.
- Þrautalausnir frá 5 ára þar sem þau leggja saman, draga frá, margfalda og deila á hlutbundinn hátt. Börnin útskýra einnig hvert fyrir öðru sína leið til lausnar á þraut.
- Einingakubbar – rúmfræði, speglun, stærðir, mælingar, tölur, samhverfur, form og hugtök.
- Unnið við mynsturgerð frá 4ra ára, ásamt þrautarlausnum þar sem þau leggja saman og draga frá, flokkun, mælingar og breiddir.
- Frá 5 ára er unnið að því að börnin geti lagt saman þar sem summan er minni eða jafnt og fimmtán (t.d. deila 3 í 15).
- Orðaþrautir sem stuðla að aðgerðaskilningi barna frá 5 ára aldri.
- Speglun.
- Hugtök og tákn stærðfræðinnar.
- Tugakerfið – oddatölur, sléttar tölur o.s.frv.
- Töflur, súlurit og önnur myndrit.
- Talnamynstur, námundun, neikvæðar tölur og andhverfar aðgerðir.
- Nota staðreyndir og álykta út frá þeim.
- Flatarmál.
- Margföldun og deiling.



- Hnitakerfi .
- Töflur og lestur þeirra.
- Hlutföll og prósentur.
- Óþekktar stærðir í jöfnum.

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og barnið nýtir sér við námið eru:

- Einingakubbar.
- Fjölbreyttir kubbar, sentikubbar, rökkubbar, þrívíddarkubbar og fl.
- Spil og leikir.
- Myndir, bækur, söngur.
- Þrautir.
- Sproti.
- Ljósrituð verkefni og þrautir.
- Talnagrindur.
- Vasareiknar.
- Smáhlutasafn.
- Peningar.
- Málbönd.
- Teningar.
- Vogir.
- Hugbúnaður.
- Í undirdjúpunum.
- Tíu – tuttugu.

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan, innan og utan skóla, fram á eftirfarandi hátt:

1. til 4. bekkur: Unnið er í litlum og stórum hópum í sérstökum stærðfræðitímum. Hluti af náminu er samþættur í þema, eftir því sem þemaverkefni gefa tilefni til. Kennarar hafa einnig skipulagt sérstakar stærðfræðivikur til að vinna með ákveðin viðfangsefni eftir þörfum og áhuga barnahópsins hverju sinni.

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

- Ferilmöppur þar sem sýnishornum er safnað úr vinnu barnanna ár hvert. Markmiðið að eiga feril barnanna, þroska og nám í möppunum.
- Stöðumat fyrir foreldraviðtöl minnst tvisvar á ári.
- Viðtöl við börnin í ýmsu formi, ólíkt eftir aldri og þroska.



Krikaskóli

- Stærðfræðisamtal að vori milli kennara og nemenda um stöðu í námi.
- Myndaskráning – ljósmyndir og myndbandsupptökur úr leik og starfi.
- Skráningar kennara og ígrundun þeirra yfir skólaárið með viðkomandi teymi.
- Símat.
- Talnalykill - skimun fyrir 3. bekk.

6.2. TJÁNING, TUNGUMÁL, VERKFÆRI, VINNUBRÖGÐ OG BEITING STÆRÐFRÆÐI

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

Börnin efla tjáningu sína og hugtakaskilning, til dæmis með því að skýra út hvert fyrir öðru lausnaleið sína. Þau skrá niður og útskýra hvert fyrir öðru. Með því fá börnin tækifæri til að sjá ólíkar lausnir sömu þrautar.

Börnin efla þekkingu sína á verkfæri stærðfræðinnar eftir því sem aldur og þroski leyfir.

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Læra að telja peninga og skrá upphæðir.
- Gera verðútreikninga.
- Átta sig á að það er margar leiðir við samlagningu, frádrátt og margföldun.
- Telja peningaupphæðir; nota þúsund, fimmhundruð, hundruð, tíu, fimm og eina krónu.
- Geta nýtt sér tölulegar upplýsingar við útreikninga.
- Beita reikniaðgerðum við hagnýta útreikninga.
- Vinna með endurtekna samlagningu í tengslum við margföldun.
- Skipta fjölda í hópa.
- Vinna með talnamynstur í margföldun.
- Vinna með oddatölur og sléttar tölur/hærri tölur.
- Telja á tugum og hundruðum.
- Fylla tölur upp í 1000 inn í talnatöflu.
- Námunda tölur að tug og hundraði.
- Nota námundun við útreikninga.
- Lesa fjögurra og fimm stafa tölur.
- Raða tölum eftir stærð frá 1-1000.
- Búa til plúsheiti fyrir töluna 1000.
- Átta sig á talnamynstrum sem myndast við endurtekna samlagningu og endurtekinn frádrátt.
- Námunda tölur að næsta tug og hundraði.



6.3. TÖLUR, REIKNINGUR OG ALGEBRA

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

Unnið er með tölur á fjölbreyttan hátt miðað við aldur og þroska barnanna. Skilningur barnanna er lykilatriði sem og fjölbreytni í verkefnum og útfærslum.

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Þekkja og beita mismunandi leiðum við samlagningu og frádrátt.
- Reikna samlagningardæmi með tölum yfir 100.
- Nýta sér hjálpargögn við samlagningu.
- Átta sig á endurtekinni samlagningu.
- Vinna með margföldun talna undir 10.
- Reikna samlagningardæmi með tölum undir 100.
- Reikna samlagningardæmi með tölum frá 100 –1000.
- Átta sig á að beita má fjölbreyttum aðferðum við samlagningu og frádrátt.
- Reikna frádráttardæmi með tölum undir 100.
- Reikna dæmi þar sem summa talna nær að 1000.
- Reikna samlagningardæmi þar sem þarf að geyma.
- Reikna frádráttardæmi með tölum frá 1–1000 þar sem þarf að taka til lán
- Reikna samlagningardæmi þar sem þarf að geyma.
- Geta fundið summu þriggja og fjögurra stafa talna.
- Finna týndan þátt í mismunandi reikniaðgerðum.
- Leysa orðadæmi með samlagningu.
- Reikna frádráttardæmi þar sem taka þarf til láns.
- Leysa orðadæmi með frádrætti.
- Átta sig á samhengi milli samlagningar og frádráttar.
- Reikna orðadæmi þar sem beita þarf samlagningu og frádrætti.
- Geta beitt margföldun við útreikninga
- Beita dreifireglu við margföldun
- Beita skiptingu við deilingu.
- Þekki deilingarmerki
- Geti skráð með $>=<$.



6.4. RÚMFRÆÐI, MÆLINGAR, TÖLFRÆÐI OG LÍKINDI

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

Unnið er með hugtök og einfaldar mælingar. Fjallað er um undirstöðuatriði í rúmfræði, tölfræði og líkindum.

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Mæli í kílómetrum, metrum og sentímetrum.
- Velji viðeigandi mælitæki við mælingar.
- Finni flatarmál flata.
- Mæli ummál og þvermál.
- Þekki sívalninga, ferstrendinga og þrístrendinga.
- Átti sig á mælieiningunum grömm og kíló.
- Finni speglunarás mynda og getur speglað myndir.
- Átti sig á skráningu í hnitakerfi.
- Mæli af nákvæmni í metrum og sentímetrum.
- Geti lesið og skráð staðsetningu í hnitakerfi.
- Geti nýtt sér upplýsingar sem skráðar eru í hnitakerfi.
- Átti sig á formum í tvívídd og þrívídd.
- Þekki mælieiningarnar gramm og kílógramm og samhengið á milli þeirra.
- Geti notað mælieiningarnar gramm og kílógramm.
- Þekki lítra og desílítra og hvernig það er notað.
- Geti búið til mynstur sem byggist á speglun.
- Þekki marghyrninga og einkenni þeirra.
- Finni lengd, breidd og flatarmál ferhyrninga.
- Mæli í millimetrum, sentímetrum og metrum.
- Þekki og noti mælieininguna kílómeter.
- Átti sig á samhengi milli millimetra og sentímetra.
- Þekki og noti mælieiningarnar kíló og grömm.
- Þekki og noti mælieiningarnar lítir og desílíter.
- Átti sig á hvað eru gleið, rétt og hvöss horn.
- Geti gert einfalda rannsókn og unnið úr upplýsingum.
- Geti sett upp einfalt súlurit.



7. UPPLÝSINGA- OG TÆKNIMENNT

Námshæfni – viðmið og mat

Nám í grunnskóla skal hafa sem mest gæði og þess vegna byggir grunnskólastarfið á viðmiðum um hæfni sem grundvöll gæðanna. Þau nefnast námshæfni þegar gæðin tengjast átta námssviðum aðalnámskrár (og öllum námsgreinum innan hvers námssviðs).

Verkefni sem börnin vinna í upplýsinga- og tæknimennt tengjast öðrum námsgreinum og sviðum í samþættum verkefnum. Börnin þjálfast í að rita texta í ritvinnslu, læra hvernig lyklorð skiptast í hægri og vinstri hluta, eyða og leiðréttu texta, rita stóra stafi og ná í vistuð skjöl. Þau læra að nýta rafrænt og gagnvirk námsefni, nota hugbúnað við skil og frágang verkefna. Börnum er gerð grein fyrir að mikilvægi þess að fara eftir þeim reglum sem gilda um ábyrgð efnis, myndvinnslu, miðlun og öflun þekkingar. Ábyrg netnotkun er einnig rædd.

Upplýsingalæsi er skoðað sérstaklega sem og munur á skáldskap og fræðiefni. Börnin læra að leita í orðabókum, finna lykilorð í texta og endursegja texta. Þau þjálfast í mótun spurninga og að leita svara bæði á netmiðlum og á bókasafni.

Í Krikaskóla er ekki eiginlegt skólabókasafn en skólinn á gott safn barnabóka. Börnin sækja Bókasafn Mosfellsbæjar markvisst, fá þar fræðslu og þekkingu á bókasöfnum.

A. VIÐMIÐ UM NÁMSHÆFNI

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni barnanna í lok árgangs (lokamat):

Efnisþættir: **Viðmið um námshæfni í upplýsinga- og tæknimennt**

Upplýsingamennt: *Við lok árgangs geti nemandi:*

- Nýtt rafrænt og gagnvirk námsefni, unnið með heimildir og nýtt hugbúnaðarforrit við framsetningu á einföldum tölulegum gögnum.
- Ný upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna.
- Sýnt frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn. Gert sér grein fyrir ólíkum aðferðum við notkun á tæknibúnaði.

Tæknimennt: *Við lok árgangs geti nemandi:*

- Notað hugbúnað/forrit við einföld ritunarverkefni og framsetningu tölulegra gagna.
- Notað einfaldan hugbúnað/forrit við myndvinnslu.
- Notað hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á einfaldan hátt.



Krikaskóli

- Farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun og verið meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra.

Bókasafn:

Við lok árgangs geti nemandi:

- Geti nýtt bókasafn sér til gagns og ánægju s.s. til lesturs, hlustunar og leitarnáms.

B. MATSVIÐMIÐ OG MATSKVARÐI FYRIR NÁMSHÆFNI Í UPPLÝSINGA- OG TÆKNIMENNT

Í lok námstíma, við lok annar/skólaárs, er árangur barns metinn, þ.e. hversu vel það hefur tileinkað sér gæðin sem námshæfnin felur í sér. Það er gert út frá viðmiðum á grunni matskvarða sem skóli hefur ákveðið og er kynntur hér neðar. Viðmið fyrir einstakra námsgreinar innan námssviðs taka ýmist mið af viðmiðum fyrir námssviðið í heild sinni eða námsgreinina sjálfa ef gerð hafa verið sérstök viðmið fyrir hana.

Matskvarði	Matsviðmið fyrir námshæfni í upplýsinga- og tæknimennt
Hefur náð	Barnið getur nýtt sér af öryggi margskonar tæknibúnað, hugbúnað, forrit og gögn á ábyrgan og skapandi hátt.
Framvinda góð	Barnið getur nýtt sér margskonar tæknibúnað, hugbúnað, forrit og gögn á ábyrgan og skapandi hátt.
Er að vinna með	Barnið getur nýtt sér að nokkru leyti margskonar tæknibúnað, hugbúnað, forrit og gögn á ábyrgan og skapandi hátt.

C. GRUNNÞÆTTIR MENNTUNAR Í UPPLÝSINGA- OG TÆKNIMENNT

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í upplýsinga- og tæknimennt:

Grunnþáttur

Áhersluþættir grunnþátta menntunar

HEILBRIGÐI OG VELFERÐ:

- Að barnið hafi möguleika á að njóta sín við nám í upplýsinga- og tæknimennt.
- Að barnið átti sig á mikilvægi þess að taka ábyrgð á námi sínu og notkun á veraldarvefnum í leik og starfi.

JAFNRÉTTI:

- Að allir hafi jafnan rétt til að kynnast upplýsinga- og tæknimennt.

LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI:

- Að börnin upplifi samvinnu í hópastarfi.



Krikaskóli

- Að börnin kynnist upplýsinga- og tæknimennt á sem fjölbreyttastan hátt í aðstæðum sem að henta þeim.
 - Að börnin geti tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi.
 - Börnin læri tækni- og upplýsingalæsi í gegnum samvinnu við aðra.
- LÆSI:
- Að börnin fái þjálfun í að koma skipulega frá sér verkefnum sem hafa verið unnin í upplýsinga- og tæknimennt.
 - Skráningar á verkum og ferli upplýsinga- og tæknimennt sé fjölbreytt s.s. með myndum, hljóðum, myndbandsupptökum.
- SJÁLFBÆRNI:
- Ýta undir sjálfstæð vinnubrögð og samvinnu.
 - Börnin nýti þekkingu sína í hugmyndavinnu til að skapa verk úr ýmsum efniviði og hljóði. Með því að vinna að einföldu ferli frá hugmynd til afurðar.
- SKÖPUN:
- Barnið upplifi gagnsemi námsins og frjálsræði í sköpun, ýmist eitt eða með öðrum.

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

Tímafjöldi: Börn á aldrinum 6 til 9 ára fá 40 mínútur á viku, yfir 200 daga skólaárið.

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Að efla þekkingu barna á fjölbreyttum leiðum við notkun tækni.
- Ritvinnsla og fingrasetning.
- Reglulegar heimsóknir í bókasafn Mosfellsbæjar.
- Að vinna með þann tækjabúnað sem til er í skólanum, spjaldtölvur, skjái og fartölvur.
- Umræða um gagnsemi og samfélagsleg áhrif netheima.
- Notað myndavélar, bæði til að taka kyrr og hreyfimyndir.

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og barnið nýtir sér við námið eru:

- Ýmsar kennslubækur, hugmyndir og veraldarvefurinn til að finna efni og æfingar til kennslu.
- Spjaldtölvur.
- Fartölvur.
- Myndavélar.



iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan, innan og utan skóla (heima), fram á eftirfarandi hátt:

- Tengt í þemavinnu en einnig við aðra námsgreinar.
- List-og verkgreinar þar sem unnið er með fjölbreytt öpp og teikniforrit.

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við börnin að læra út frá eigin forsendum og til þess að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Kennari útskýrir viðfangsefni kennslustundar vel og vandlega. Kennari ýtir undir að börnin komi með hugmyndir og viðfangsefni í kennslustund þegar það á við.
- Börnin eru mismunandi og þess vegna skal kennari aðlaga viðfangsefni kennslustundar að þeim þannig að hvert barn komi úr tímanum með meiri reynslu og getu.
- Hvatt er til samstarfsverkefna þar sem börnin hjálpast að við lausn mála.